




Aðalnámskrá grunnskóla

LISTGREINAR

Aðalnámskrá grunnskóla

LISTGREINAR

**Menntamálaráðuneytið
2007**

ÆÐALNÁMSKRÁ GRUNNSKÓLA – LISTGREINAR

Menntamálaráðuneytið: námskrár

febrúar 2007

Útgefandi: Menntamálaráðuneytið
Sölvhólsgötu 4
150 Reykjavík
Sími: 560 9500
Bréfasími: 562 3068
Netfang: postur@mrn.stjr.is
Veffang: menntamalaraduneyti.is

@ 2007 Menntamálaráðuneytið

ISBN 978-9979-777-37-3

EFNISYFIRLIT

Formáli.....	5
Inngangur.....	6
Nám og kennsla.....	7
Námsmat í list- og verkgreinum.....	8
Myndmennt	9
Inngangur.....	9
Nám og kennsla.....	9
Námsmat	10
Lokamarkmið í myndmennt.....	11
Áfangamarkmið í myndmennt við lok 4. bekkjar	11
Áfangamarkmið í myndmennt við lok 7. bekkjar	13
Áfangamarkmið í myndmennt við lok 10. bekkjar	14
Textílmennt	16
Inngangur.....	16
Nám og kennsla.....	17
Námsmat	17
Lokamarkmið í textílmennt	18
Áfangamarkmið í textílmennt við lok 4. bekkjar	19
Áfangamarkmið í textílmennt við lok 7. bekkjar	20
Áfangamarkmið í textílmennt við lok 10. bekkjar	21
Tónmennt.....	23
Inngangur.....	23
Nám og kennsla.....	23
Námsmat	24
Lokamarkmið í tónmennt	27
Áfangamarkmið í tónmennt við lok 4. bekkjar	28
Áfangamarkmið í tónmennt við lok 7. bekkjar	30
Áfangamarkmið í tónmennt við lok 10. bekkjar	33
Almennt um tónmenntarkennslu í 9. og 10. bekk	36
Leikræn tjáning.....	39
Inngangur.....	39
Nám og kennsla.....	41
Námsmat	41
Lokamarkmið í leikrænni tjáningu	43
Áfangamarkmið í leikrænni tjáningu við lok 4. bekkjar	43
Áfangamarkmið í leikrænni tjáningu við lok 7. bekkjar	44
Áfangamarkmið í leikrænni tjáningu við lok 10. bekkjar.....	44
Dans	46
Inngangur.....	46
Nám og kennsla.....	46
Námsmat	46
Lokamarkmið í dansi.....	47
Áfangamarkmið í dansi við lok 4. bekkjar.....	48
Áfangamarkmið í dansi við lok 7. bekkjar.....	48
Áfangamarkmið 8.–10. bekkjar – dansvalgrein.....	48
Viðauki	50
Prepamarkmið í myndmennt	50

Prepamarkmið í textílmennt.....	58
Prepamarkmið í tónmennt.....	66
Prepamarkmið í leikrænni tjáningu.....	71
Prepamarkmið í dansi	74

FORMÁLI

Námskrá listasviðs inniheldur rök fyrir námssviðinu og greinum innan þess, markmiðssetningu, umfjöllun um nám og kennslu og námsmat.

Listasvið tekur til fimm listgreina. Sviðið skiptist í myndmennt, textílmennt, tónmennt, dans og leikræna tjáningu. Í grunnskóla eru myndmennt, textílmennt og tónmennt sjálfstæðar skyldunámsgreinar fyrstu átta skólaárin en valgreinar á 9. og 10. ári. Dans og leikræn tjáning er samþætt öðrum námsgreinum eða kennd á námskeiðum og í valgreinum. Í þessari námskrá eru sett fram markmið valinna þátta þeirra greina.

Í almennum hluta aðalnámskrár grunnskóla er kveðið á um lágmarkskennslustundafjölda námssviðsins. Í listum eru sett fram áfangamarkmið fyrir 8.-10. bekk og gert ráð fyrir að tímamagn samkvæmt viðmiðunarstundaskrá miðist fyrst og fremst við 8. bekk. Skólar hafa þó frelsi til að skipuleggja kennslu á annan hátt. Í skólanámskrá skal sýna hvernig skólinn útfærir kennslu listgreina í 8.-10. bekk. Skólastjóri ber ábyrgð á útgáfu skólanámskrár.

Í námskrá listasviðs er fjallað um hlutverk hverrar greinar fyrir sig, um atriði sem snúa að námi og kennslu og námsmati. Sett eru fram lokamarkmið og áfangamarkmið.

Eðli lokamarkmiða er að gefa heildarmynd af því sem stefnt skal að í kennslu námsgreina í grunnskólanum. Lokamarkmið skýra almennan tilgang náms og lýsa því sem skólar eiga að stefna að og því sem nemendur eiga að hafa tileinkað sér að loknu lögbundnu skyldunámi. Í námskránni eru lokamarkmið greind niður í áfangamarkmið.

Áfangamarkmið eru sett fram sem nákvæmari útlistun á lokamarkmiðum. Aðalnámskrá gerir ráð fyrir því að áfangamarkmið verði meginviðmið í öllu skólastarfi. Áfangamarkmiðum er deilt niður á þrjú stig grunnskólans, yngsta stig (1.-4. bekk), miðstig (5.-7. bekk) og unglingastig (8.-10. bekk). Áfangamarkmiðin gefa heildarmynd af því sem ætlast er til að nemendur hafi almennt tileinkað sér við lok áfanganna.

Þrepamarkmið eru safn markmiða eða viðfangsefna til að ná settum áfangamarkmiðum og eiga að mynda stígandi í náminu, allt frá upphafi grunnskóla til loka. Í skólanámskrá skal sýna hvernig skólinn útfærir þrepamarkmið einstakra námsgreina. Í viðauka eru birt dæmi um útfærslu þrepamarkmiða sem skólar geta haft til viðmiðunar kjósi þeir það. Nánar er fjallað um markmiðssetningu í almennum hluta aðalnámskrár.

INNGANGUR

Listir hafa fylgt manninum frá örófi alda og eru einn af hornsteinum mannlegs samfélags. Með hjálp listarinnar hefur maðurinn tjáð tilgang og merkingu mannlegrar tilveru og mótað umhverfi sitt. Í listiðkun öðlast einstaklingurinn lífsfyllingu og finnur tilfinningum sínum og hugmyndum farveg. Skólinn er samfélag og þar leika listir sama hlutverk og í þjóðfélaginu í heild sinni.

Listnám stuðlar að alhliða þroska einstaklingsins

Greind er nú talin vera samsett úr mörgum þáttum. Gjarnan er talað um fjölpætta greind þar sem skilgreindir eru fleiri þættir en hinir hefðbundnu orðrænu og rökrænu. Í listnámi reynir á marga þætti mannlegrar hæfni, bæði til hugar og handa, þar sem nemendur þurfa að beita rökhyggju sinni jafnt sem ímyndunarafl til að ná árangri. Í námi þurfa þeir tækifæri til að virkja öll svið hæfileika sinna, nota öll skynfæri sín, beita þekkingu sinni, færni og skilningi til að túlka og meta upplýsingar. Þannig verða nemendur virkir í athugun, rannsókn og athöfnum en slíkt nám verður haldbest og hugstæðast.

Listnám eflir sköpunargáfu þar sem listir reyna jafnt á ímyndunarafl og rökhyggju

Frumleg tengslamyndun ásamt rökrænu mati og ályktunarhæfni liggur til grundvallar því sem nefnt hefur verið sköpunargáfa. Í listum er leyfilegt að leika, spyrja og ögra sem leiðir til óvæntra tenginga. Sköpunargáfan er einstaklingnum nauðsynleg til þess að mæta sibreytilegum kröfum nútímaþjóðfélags.

Listnám veitir tækifæri til að þroska fjölbreyttan og persónulegan tjáningarmáta

Tjáningarmáti einstaklingsins byggist á hinum ólíku þáttum greindar hans og hæfileika. Í listiðkun finnur hann sér leið til tjáningar og staðfestingar á eigin eðli og verðleikum. Listir endurspeglar þannig fjölbreytileika mannlífsins.

Listnám eflir sjálfsmynd og sjálfsskilning sem er grundvöllur farsældar í lífi og starfi

Listir dýpka sjálfsvitund og tilfinningu fyrir stöðu í umhverfinu. Listir eru starfsvettvangur en jafnframt áhugamál sem veitir lífsfyllingu allt frá barnæsku til elli ára. Að njóta lista er að næra tilfinningalíf og vitsmuni. Þær eru lífsgæði sem hver einstaklingur á rétt á að njóta.

Listnám eykur tilfinningaþroska, félagsþroska og meðvitund um fagurfræði

Í listnámi lærist nemendum að þekkja og tjá eigin hugmyndir og tilfinningar jafnframt því að virða tilfinningar annarra og túlkun þeirra. Þeir læra að ráða í þá samfélagslegu og persónulegu merkingu og gildismat sem felst í formi og framsetningu hlutanna.

Listnám þjálfar hæfni til þátttöku í menningu samfélagsins

Með þekkingu og skilningi á táknmáli lista er maðurinn fær um að meta og greina upplýsingar og áhrif sem hann verður fyrir daglega. Þessi þekking og skilningur er forsenda virkrar þátttöku í menningunni. Listir hjálpa nemandanum að skilja menningarlegan fjölbreytileika og viðurkenna

menningarlegt afstæði með því að kynna fyrir honum gildi, hefðir og hugmyndafræði eigin samfélags og annarra.

Listir eru einn helsti áhrifavaldur samfélagsins

Listir eru ráðandi í upplýsingamiðlun nútímans og eru þannig einn helsti áhrifavaldur í samtímanum. Tónlist, myndmennt, hönnun, leiklist og dans endurspeglar og móta viðhorf einstaklings og gildismat samfélags. Því er brýnt að hver og einn sé meðvitaður um táknmál listarinnar en forsenda lýðræðis er upplýstur þegn sem er fær um þátttöku í samfélagsumræðu.

Listir eru mikilvæg atvinnugrein

Listir mynda fjölbreytilegar atvinnugreinar og eru mikilvægt efnahagslegt framlag til samfélagsins. Má þar nefna störf sem tengjast manngerðu umhverfi, skemmtana-, tölvu-, tisku- og listheimi. Fjöldi fólks á sér ævistarf og framfæri af iðkun listgreina í ýmsu formi. Því mun fjölga með vaxandi notkun upplýsingatækni sem gerir miðlun hljóðs og mynda auðveldari og aðgengilegri en nú þekkt.

Listir eru kveikja hugmynda og nýsköpunar í efnahagslífi og samfélagi manna

Í listiðkun er sífellt spurt spurninga og krafist svara því að eðli lista er sköpun. Sá sem er skapandi kemur fram með nýjar hugmyndir, metur þær og fylgir þeim eftir. Á öllum starfssviðum þjóðfélagsins er þörf fyrir einstaklinga sem eru gæddir þeim eiginleikum sem þroskaðir eru í listkennslu; frumkvæði og nýsköpun.

Listir móta og endurspeglar sjálfsmynd og gildismat samfélagsins

Fagurfræði og siðfræði eru greinar af sama meidi og fjalla um hin samfélagslegu gildi. Í listkennslu er fjallað um þessi gildi og menningarlegar forsendur þeirra. Listir eru uppistaðan í menningararfi þjóðanna. Listir helga það sem samfélaginu er mikilvægt, spegla gildi og venjur en eru að sama skapi ögrandi. Á helgistundum, hátíðum og merkisdögum mannsævinnar, jafnt í sorg sem gleði, leitar mannkynið til listarinnar til að tjá merkingu stundarinnar.

NÁM OG KENNSLA

Öll listgreinakennsla miðar að því að þroska sköpunargáfu, efla sjálfsvitund og auka menningarskilning nemenda. Í upp-lýsingasamfélagi hafa þeir aðgang að ofgnótt þekkingarbrota og hlutverk skólanna er að gefa nemendum forsendur til þess að raða brotunum saman í merkingarbæra heild. Skólinn á að kenna nemendum að meta gildi upplýsinga, túlka þær og að miðla þekkingu sinni og skoðunum. Á þeim grundvelli eru lagðar til áherslubreytingar í námskrá listasviðs. Þær fela í sér meira jafnvægi milli sköpunar, túlkunar og tjáningar annars vegar og skynjunar, greiningar og mats hins vegar.

Í samræmi við þetta er skilgreint hlutverk listgreinakennslu tvíþætt:

- o að kenna tjáningarleiðir listgreinanna, tjáningarleiðir sem maðurinn hefur þróað með sér frá fyrstu tíð
- o að vekja með nemendum vitund um tilgang, merkingu og samhengi í listum

Markmið hverrar greinar eða námsþáttar eiga að tryggja samfellu í náminu sem miðast við þroska og fyrra nám nemandans. Til hliðsjónar eru eftirfarandi atriði sem mynda eðlilega stígandi í námi:

- o frá hinu einfalda til hins flókna
- o frá hinu almenna til hins sérhæfða
- o frá handleiðslu til sjálfstæðis í námi

Við skipulag náms í listum skal gæta þess að nemendur fái þar tækifæri til að auka þekkingu sína, öðlast og þjálfra færni og efla skilning sinn á viðfangsefninu listum. Í þessu felst að veita nemendum aðgang að þeirri þekkingu sem inntaksflokkar námskrárinnar kveða á um og að þjálfra þá færniþætti sem greinarnar útheimta, þ.e. sköpun/túlkun/tjáningu og skynjun/greiningu/mat. Nemendur þjálfist í að beita þekkingu sinni og færni sjálfstætt og efli þannig skilning sinn og myndi sér persónuleg viðhorf til lista á þeim grundvelli.

NÁMSMAT Í LIST- OG VERKGREINUM

Námsmat er nauðsynlegur leiðsagnarþáttur fyrir nemendur, kennara og skólustarfið í heild. Námsmat byggist á upplýsingum um stöðu nemenda, getu þeirra, kunnáttu, skilning og viðhorf til viðfangsefnanna. Því þarf fyrst og fremst að taka mið af settum markmiðum hverju sinni.

Mat á verknámi og listrænni færni er fjölþætt og vandmeðfarið. Mikilvægt er að í upphafi hvers námsáfangs sé nemendum gerð grein fyrir markmiðum, þ.e. að hverju skal stefna og hvernig á að meta. Í listnámi og verknámi er byggt á sköpunarþörf og stefnt að því að bæta verklag og efla mismunandi túlkunaradferðir nemenda. Námsmat þarf því að vera leiðbeinandi, gefa nemendum ábendingar um stöðu sína og veita þeim hvatningu.

Mismunandi viðfangsefnum í list- og verknámi hæfa mismunandi matsaðferðir. Í lokamati, hvort sem um er að ræða einkunnir í tölustöfum eða umsagnir, skal huga að þáttum eins og framförum, sjálfstæði, frumkvæði, ástundun, vinnubrögðum og samstarfshæfni. Kennarar geta nýtt sér ýmsar aðferðir við gagnasöfnun, s.s. gátlista um vinnu nemenda og unnin verk, viðtöl við nemendur, dagbók kennara, próf, munnleg og/eða skrifleg, auk mats á verkefnum nemenda. Í köflum um einstakar námsgreinar í þessari námskrá er fjallað sérstaklega um námsmat innan hverrar greinar.

Í listnámi er æskilegt að nemendur fái jafnóðum hvatningu og vitneskju um árangur. Endurgjöf til nemenda getur farið fram á ýmsum stigum og þannig stuðlað að því að þeir geri sér betur grein fyrir verkefninu. Símat er nauðsynlegur þáttur í jákvæðu og uppbyggjandi námsmati. Með símati sér kennarinn auðveldlega hvort viðfangsefnin eru rétt valin og nemendur fylgjast með eigin framförum. Sjálfsmat er mikilvægt til að ná árangri í list- og verknámi og til að þróa jákvæð og lifandi viðhorf til handverks og þátttöku í listinni alla ævi. Að ögra sjálfum sér og kanna nýjar hugmyndir og námstækni eru grundvallaratriði í listrænum þroska. Mikið af daglegu skólustarfi í list- og verkgreinakennslu á því að vera ferlmiðað. Þess vegna ætti að útskýra fyrir nemendum að þessi ferli eru metin til jafns við fullunnið frágengið verk. Námsmat byggist þannig bæði á gögnum um vinnuferlið, tilraunum og undirbúningi nemandans og á fullunnu frágengnu verki.

MYNDMENNT

Inngangur

Sjónræn upplifun er stór þáttur skynjunar og skilnings mannsins á heiminum enda bendir flest til þess að hann hafi allt frá upphafi vega myndgert líf sitt og umhverfi í margvíslegum tilgangi. Myndir hafa sitt eigið tungumál, myndmál, og maðurinn hefur alla tíð notað myndir sem boðtæki þeirra hluta sem ekki er hægt að lýsa á annan hátt. Myndmál miðlar viðhorfum, skoðunum og hugmyndum samfélagsins ekki síður en tungumál.

Í nútímasamfélagi er myndin gífurlega mikilvægur áhrifavaldur. Fyrir utan hefðbundna myndmennt má nefna aukið vægi myndmiðla á borð við kvikmyndir, sjónvarp, auglýsingar, blaðaútgáfu og tölvur. Þáttur myndhugsunar hefur því vaxið hratt í upplýsingasamfélaginu en ekki að sama skapi almennur skilningur á eðli og áhrifamætti myndar. Markmið myndmenntarkennslu er því, auk þess að kenna tjáningarleiðir myndmenntar, að gera nemendum kleift að skilja myndræna hugsun og gera þá læsa á sjónrænt umhverfi sitt, hvort sem um er að ræða fagurlistaverk listasafna eða „myndmál götunnar“. Nútímamanninum er nauðsynlegt að lesa myndir og skilja eðli þeirra. Til þess að hafa vald á umhverfi sínu þarf hann að vega og meta myndræn skilaboð.

Nám og kennsla

Við skipulagningu myndmenntarnáms skal byggja á eftirfarandi atriðum:

- o Unnið skal út frá forsendum nemandans, þroska hans, áhuga og þörfum þannig að hann læri að nýta myndmenntarnámið til að skilgreina og uppfylla eigin þarfir.
- o Nemendum skulu kynnt lögmál og aðferðir myndlistar til þess að þeir geti unnið á agaðan hátt með stigvaxandi sjálfstæði að gerð eigin verka.
- o Í myndmenntarnámi fái nemendur þjálfun í að móta hugmyndir og fylgja ferlinu frá hugmynd til endanlegrar útfærslu.
- o Tölvur skulu notaðar þar sem við á, t.d. við þróun ímyndar og aðra hönnunarvinnu og við upplýsingaleit.
- o Fræðileg kennsla skal að hluta til samþætt verklegri kennslu á grunnskólastigi og fari fram með fyrirlestrum, verkefnum, safnaheimsóknum og í tengslum við starfandi listamenn.

Myndmenntarnám felur í sér ákveðið ferli sem má skilgreina sem færniþættina: sköpun, túlkun og tjáningu annars vegar og skynjun, greiningu og mat hins vegar. Myndmenntarkennsla skal byggjast á því að þroska færni nemanda á báðum þessum sviðum. Eðlilegt vægi og samspil ætti að vera á milli þessara þátta eftir aldri og þroska nemenda.

Sköpun/túlkun/tjáning

Þessir færniþættir vísa til notkunar nemandans á fjölbreytilegu úrvali efniviðar og miðla greinarinnar til þess að skapa og tjá tilfinningar, hugsanir, hugmyndir og lausnir.

Skynjun/greining/mat

Þessir færniþættir vísa til þekkingar og skilnings á eðli myndmenntar og á menningarlegu samhengi hennar; enn fremur til hæfninnar til að skynja og skilgreina myndlist og meta á rökstuddan hátt.

Inntak myndmenntarnáms er flokkað í

- o lögmál og aðferðir greinarinnar
- o félagslegt og sögulegt samhengi
- o fagurfræði og rýni

Námsmat

Námsmat ætti að endurspegla markmið í öllum námsþáttum. Símat og sjálfsmat er mikilvægt til að ná árangri í að þroska myndmenntarfærni og til að þróa jákvæð og lifandi viðhorf til þátttöku í listinni alla ævi.

Að ögra sjálfum sér og kanna nýjar hugmyndir og námstækni eru grundvallaratriði í listrænum þroska. Mikið af daglegu skólastarfi í listkennslu á því að vera ferlismiðað. Þess vegna ætti að útskýra fyrir nemendum að þessi ferli eru metin til jafns við fullunnið frágengið verk. Námsmat byggist þannig bæði á gögnum um vinnuferlið, tilraunum og undirbúningi nemandans og á fullunnu frágengnu verki.

Í lokamati skal, hvort sem um er að ræða einkunnir í tölustöfum eða umsagnir, taka tillit til eftirfarandi þátta: framfara, frumkvæðis og vinnulags.

Meta skal eftir markmiðum:

Lögmál og aðferðir

- o skapandi og tæknilega færni sem tekur til hugmyndaþróunar og þess forms sem skynjanir og hugmyndir eru tjáðar í og færni í notkun og stjórn á miðlum greinarinnar í sköpun nemenda

Sögulegt og félagslegt samhengi

- o skilning og þekkingu á samhengi sem tekur til náms í myndhefð samfélagsins í nútíð og fortíð

Fagurfræði og rýni

- o myndtúlkun og gagnrýnin viðbrögð sem taka til myndvits, þ.e. eðlis viðbragða nemenda og vitundar þeirra um gæði og tjáningu í sjónrænni ímynd; einnig getu þeirra til að lýsa viðbrögðum sínum með viðeigandi orðaforða

Nemendur geta sýnt fram á færni sína, skilning og þekkingu með ýmsum hætti: myndverkum, skriflegum verkefnum, vinnubókum, skissubókum, hefðbundnum prófum, í umræðum.

Kennarar geta nýtt sér ýmsar aðferðir við gagnasöfnun, s.s. gátlista um vinnu nemenda og unnin verk, viðtöl við nemendur, dagbók kennara (kladdann), munnleg og/eða skrifleg próf, auk verkefna nemenda.

Lokamarkmið í myndmennt

Lögmál og aðferðir

Nemandi

hafi tileinkað sér þekkingu á grundvallarlögmálum myndlistar, efniviði og miðlum og færni í undirstöðuaðferðum fagsins, til eigin sköpunar og til skilnings á verkum annarra, nánar tiltekið

- o myndbyggingu í tvívídd og þrívídd, rými, formi, áferð, lit, línu, ljósi
- o þróun í myndar og myndmáli
- o aðferðum og tækni, s.s. málun, teiknun, grafík, mótun og annarri þrívíddarvinnu, rýmisvinnu, myndbandagerð, myndrænni tölvuvinnslu, ljósmyndun

Sögulegt og félagslegt samhengi

Nemandi

hafi tileinkað sér þekkingu á forsendum myndlistarmannsins og því menningarlega samhengi sem list sprettur úr, á sjónrænum menningararfi og helstu stefnum og straumum í myndlistar-heiminum, nánar tiltekið

- o öðlist innsýn í íslenska myndlistar- og byggingarsögu
- o öðlist innsýn í helstu stíla vestrænnar listasögu
- o kynnist fjölbreytni nútímamyndlistar
- o öðlist skilning í samræmi við þroska og aldur á táknum og grundvallarhugtökum myndlistar

Fagurfræði og rýni

Nemandi

hafi tileinkað sér annars vegar hæfni til umfjöllunar um eðli myndlistar og fagurfræðilegrar skynjunar og hins vegar færni til að skynja, greina og meta myndlist og leggja þannig grunn að persónulegu gildismati, nánar tiltekið

- o kynnist hugmyndum um eðli listsköpunar
- o geri sér grein fyrir táknmáli og áhrifameðulum myndlistar og tengi það myndmáli nútímamiðla
- o öðlist grundvöll til að skoða og skilgreina einstök listaverk og meta þau á rökstuddan hátt

Áfangamarkmið í myndmennt við lok 4. bekkjar

Yngsta stig (1.–4. bekkur)

Nauðsynlegt er að hefja strax á þessu aldurstigi skipulega uppbyggingu myndmenntarnáms. Í framsetningu inntaks fyrir yngsta stig er kjörið tækifæri til að tengja viðfangsefnin nánasta umhverfi og hugarheimi nemandans. Sjálfsgagnrýni er yfirleitt lítil en tjáningarþörfin rík. Áhersla skal lögð á fjölbreytt vinnubrögð við margháttaða myndfrásögn. Þar handleiki nemendur sem flestar tegundir efna og áhalda og læri jafnhliða um lögmál myndlistarinnar og þau grunnhugtök sem nýtast við að fjalla um myndlist og setja hana í félagslegt og sögulegt samhengi. Á þessu stigi fer fram kynning á inntakspáttum myndlistarinnar sem farið er dýpra í á síðari stigum.

Lögmál og aðferðir

Sköpun/túlkun/tjáning

Við lok 4. bekkjar á nemandi að

- o geta sett fram á sjónrænan hátt eigin upplifun eða ímyndun
- o geta unnið myndverk á fjölbreytilegan hátt í ýmis efni með margvíslegum áhöldum í gegnum teiknun, málun, mótun, klippimyndir, þrykk
- o geta nýtt sér í eigin sköpun einfalda útfærslu línuteikninga, áferðar, myndbyggingar, lita- og formfræði, s.s.
 - o fjölbreytileika línunnar
 - o fjölbreytilega áferð og skala
 - o nálægð og fjarlægð, forgrunn og bakgrunn og miðrými, kyrrð og hreyfingu í byggingu myndverka
 - o grunnlitina, einfaldar litablöndur og litatóna
 - o grunnformin, tvívíð, þrívíð
- o hafa tamið sér vönduð vinnubrögð
- o geta gengið frá verkum, efnum og áhöldum sem unnið hefur verið með

Skynjun/greining/mat

Við lok 4. bekkjar á nemandi að

- o þekkja hugtök og heiti sem tengjast lögmálum og aðferðum verkefna hverju sinni
- o geta greint í tilteknum listaverkum þau lögmál og þær aðferðir sem hann hefur kynnst

Sögulegt og félagslegt samhengi

Sköpun/túlkun/tjáning

Við lok 4. bekkjar á nemandi að

- o geta nýtt sér mynddæmi af verkum ákveðinna listamanna í eigin sköpun í tengslum við þau verkefni sem unnin eru hverju sinni
- o geta skapað myndverk í ýmsum tilgangi

Skynjun/greining/mat

Við lok 4. bekkjar á nemandi að

- o þekkja verk valinna listamanna og geta rætt um þau
- o þekkja þau verk sem eru í nánasta umhverfi hans, t.d. skólanum eða annars staðar í heimabyggð og listamennina sem þar komu við sögu
- o gera sér grein fyrir að myndlistin á sér sögu og að straumar og stefnur breytast í tímans rás

Fagurfræði og rýni

Sköpun/túlkun/tjáning

Við lok 4. bekkjar á nemandi að

- o geta á einfaldan hátt tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim í myndverki

Skynjun/greining/mat

Við lok 4. bekkjar á nemandi að

- o geta á einfaldan hátt lagt mat á eigin verk og annarra
- o geta greint merkingu valinna myndverka

Áfangamarkmið í myndmennt við lok 7. bekkjar

Miðstig (5.–7. bekkur)

Á miðstigi skal leitast við að þroska með nemendunum hæfileika til að vinna sjálfstætt og efla hæfni þeirra til samstarfs við aðra þar sem um sameiginleg verkefni er að ræða. Þjálfuð eru þau lögmál og aðferðir sem nemendur kynntust á yngsta stigi, þekkingin dýpkuð og nýir þættir lagðir inn. Í tengslum við skapandi starf þeirra á námið að vera hvati til aukinnar rýni og æ djúpstæðari skilnings þeirra á lögmálum myndmáls í fortíð og nútíð.

Lögmál og aðferðir

Sköpun/túlkun/tjáning

Við lok 7. bekkjar á nemandi að

- o geta unnið eftir skipulögðu vinnuferli sem hefur upphaf og endi
- o geta nýtt sér í eigin sköpun grunnþætti myndlistar, s.s. grunnreglur formfræði, litafræði og myndbyggingar
- o geta nýtt sér mismunandi efni, verkfæri og miðla í eigin sköpun, s.s. málun, teikningu, grafík, mótun, tölvur o.s.frv.
- o geta unnið einfaldar skissur og hugmyndavinnu fyrir tví- og þrívíð verk, m.a. með hjálp tölvu
- o geta hagnýtt sér í hugmyndavinnu þróun ímyndar, s.s. ýkjur, bjögun, einföldun, stækkun og minnkun, m.a. með hjálp tölvu
- o geta teiknað eða mótað raunsæismyndir eftir fyrirmyndum
- o geta sýnt skipulögð vinnubrögð

Skynjun/greining/mat

Við lok 7. bekkjar á nemandi að

- o geta greint, borið saman og metið lögmál og aðferðir í völdum listaverkum
- o geta nýtt sér hugtök og heiti sem tengjast lögmálum og aðferðum verkefna hverju sinni

Sögulegt og félagslegt samhengi

Sköpun/túlkun/tjáning

Við lok 7. bekkjar á nemandi að

- o geta nýtt sér ímyndir eða stílbrigði úr mynddæmum af verkum ákveðinna listamanna í eigin sköpun

Skynjun/greining/mat

Við lok 7. bekkjar á nemandi að

- o þekkja íslenska sjónlistahefð, s.s. valin verk víkingatímabils, dæmi um íslenskan útskurð, silfursmíði, byggingarlist og útsaum
- o þekkja nokkrar stefnur vestrænnar myndlistar frá endurreisn með áherslu á nálæg tímaskeið, s.s. expressjónisma, impressjónisma, kúbisma, abstrakt, súrrealisma, konsept o.s.frv.
- o geta greint og borið saman stíl og tímabil tiltekinna verka og tengt því menningarlega samhengi sem þau voru sköpuð í
- o geta tengt myndmál nánasta manngerðs umhverfis íslenskri lista- og byggingarsögu

Fagurfræði og rýni

Sköpun/túlkun/tjáning

Við lok 7. bekkjar á nemandi að

- o geta tjáð á eigin forsendum skoðanir eða tilfinningar á fagurfræðilegan hátt í eigin sköpun

Skynjun/greining/mat

Við lok 7. bekkjar á nemandi að

- o geta lagt rökstutt mat á eigin verk og annarra
- o kunna skil á margvíslegum tilgangi listar
- o hafa fengið innsýn í myndmál nútímamiðla, táknmál lita, sjónræn tákn og hvernig lögmál myndlistar nýtast í frásögn í tölvuheiminum, kvikmyndum, sjónvarpi, auglýsingum, ljósmyndum, dagblöðum og tímaritum.

Áfangamarkmið í myndmennt við lok 10. bekkjar

Unglingastig (8.–10. bekkur)

Á þessu stigi er áhersla lögð á sjálfstæða vinnu nemenda á grundvelli fyrra náms. Myndmennt er skyldunámsgrein í 8. bekk en í 9. og 10. bekk er um valgrein að ræða. Lagt er til að í 9. og 10. bekk bjóði skólar sértækt val innan inntaksflokksins lögmála og aðferða, t.d. myndvinnslu í tölvum, myndbandsgerð, ljósmyndun, pappírsgerð, málun, mótun, grafík, veggjakrot (graffití) o.s.frv. eftir mismunandi forsendum einstakra skóla. Áfangamarkmið unglingastigs fela í sér kröfur til þeirra nemenda sem velja sér valgreinina myndmennt.

Lögmál og aðferðir

Sköpun/túlkun/tjáning

Við lok 10. bekkjar á nemandi að

- o geta fylgt hugmynd til endanlegs verks
- o geta nýtt sér í eigin sköpun grunnþætti myndlistar, s.s. útfærslu línunnar, lita- og formfræði, myndbyggingu, rými og áferð

- o geta unnið sjálfstætt á grundvelli þekkingar og færni á grunnþáttum og undirstöðuaðferðum myndlistar
- o geta nýtt sér miðla upplýsingatækni við vinnu sína

Skynjun/greining/mat

Við lok 10. bekkjar á nemandi að

- o geta greint, borið saman og metið lögmál og aðferðir í völdum listaverkum
- o þekkja og geta nýtt sér hugtök og heiti sem tengjast lögmálum og aðferðum myndlistar

Sögulegt og félagslegt samhengi

Sköpun/túlkun/tjáning

Við lok 10. bekkjar á nemandi að

- o geta í eigin tjáningu gert grein fyrir og nýtt sér ímyndir og/eða stílbrigði frá ýmsum svæðum, úr nútímamyndheimi eða úr fortíð

Skynjun/greining/mat

Við lok 10. bekkjar á nemandi að

- o geta nýtt sér nútímamiðla, s.s. veraldarvefinn, til að skoða listasöfn og afla sér annarra upplýsinga um myndlist
- o þekkja fjölbreytni nútímalistar
- o geta greint og borið saman nokkrar stefnur og tímabil vestrænnar listasögu í tilteknum myndverkum
- o geta tengt tiltekin íslensk verk því menningarlega samhengi sem þau voru sköpuð í
- o geta gert grein fyrir áhrifum og upplýsingum sem hann sækir á söfnum og sýningum
- o þekkja til hinna fjölbreytilegu atvinnugreina sem grundvallast á sjónrænum listum

Fagurfræði og rýni

Sköpun/túlkun/tjáning

Við lok 10. bekkjar á nemandi að

- o geta nýtt sér á einfaldan hátt táknmál og formræn áhrifameðul myndlistar í eigin sköpun

Skynjun/greining/mat

Við lok 10. bekkjar á nemandi að

- o geta sýnt fram á færni til að túlka og dæma um myndverk á upplýstan og greinargóðan hátt og gera grein fyrir forsendum
- o skilja áhrifamátt myndar og vera læs á myndmál umhverfis síns
- o geta gert grein fyrir táknmáli og áhrifum tiltekinna myndverka og tengt það myndmáli nútímamiðla, t.d. tölvuheimsins, kvikmynda, sjónvarps, auglýsinga, ljósmynda, dagblaða og tímarita

TEXTÍLMENNT

Inngangur

Að nýta efnisheiminn áþreifanlega og milliliðalaust til þess að búa til hlut er uppspretta gleði og lífsfyllingar fyrir einstaklinginn. Jafnframt er sú þekking, færni og skilningur, sem glíman við efnisheiminn hefur leitt til, undirstaða allrar verkmenningar í sérhæfðu nútímasamfélagi. Þráðarmenning hvílir á árþúsundaþróun og rótgrónum hefðum. Verkmenningararfur felur því ekki aðeins í sér tækni og aðferðir heldur einnig fagurfræði sem er tungumál manngerðs umhverfis.

Textílnám byggist á þekkingu á eðli efna og vinnuferla og ríkri hefð nýtingar og endurnýtingar. Í nútímasamfélagi verður æ brýnna að koma í veg fyrir mengun og sóun efna með endurnýtingu og endurvinnslu efnislegra gæða. Slíkum markmiðum verður ekki náð nema almenningur hafi þekkingu á efnum og eiginleikum þeirra og búi yfir færni sem þarf til að hagnýta sér þessa eiginleika.

Textílmennt er ríkur þáttur í íslenskri menningu. Íslenskur útsaumur, tóvinna, þrjón og vefnaður er meðal gersema íslenskrar listasögu, arfleifð sem þjóðin þarf að þekkja og meta sem veganesti til framtíðar. Þetta veganesti er ekki einungis þáttur í sjálfsmynd þjóðarinnar heldur einnig meðal þeirra efnislegu verðmæta og atvinnusköpunar sem nú á sér stað, m.a. í tengslum við uppbyggingu ferðaþjónustu í landinu. Handverk var áður órjúfanlegur hluti lífsbaráttunnar en er nú vaxandi atvinnuvegur og hluti þeirrar ímyndar sem einkennir íslenska menningu.

Textílmennt er einnig ríkur þáttur í félagslegum veruleika þjóðarinnar. Með hannyrðum skapar fólk sér persónulegan stíl, setur svip á heimili sitt og nánasta umhverfi, gleður sig og sína nánustu með því að skapa hluti sem hafa persónulegt gildi. Með hannyrðum hefur þjóðin átt og mun eiga möguleika á að búa í haginn með því að búa til og gera við hluti til daglegra nota. Á tímum breytinga á þjóðlífi og efnahagsástandi er verkkunnátta á sviði hannyrða samfélagsleg auðlind og trygging ákveðinna lífsgæða fyrir einstaklinginn.

Námsgreinin textílmennt felur bæði í sér þátt hönnunar og handverks. Handverk á sér djúpar rætur í menningu þjóðarinnar, heimilisiðnaðinum, þar sem unnið er út frá hefð og rótgróinni þekkingu á efnum og aðferðum. Þeim menningararfi ber að skila áfram í takt við þá tíma er þjóðin lifir hverju sinni. Hönnun, hvort sem er fyrir fjöldaframleiðslu eða handverk, gegnir vaxandi hlutverki í samfélagi þar sem fólk starfar að mestu í manngerðu umhverfi. Fagið er nú undirstaða margbreytilegrar textílhönnunar, textílfraðleiðslu og listræns handiðnaðar. Textílhönnun er snar þáttur í mótun umhverfis, hvort sem borið er niður í tísku- eða listheiminum, því hver athöfn mannsins í daglegu starfi og leik útheimtir umgjörð og búninga.

Nám og kennsla

Við skipulagningu textílnáms skal byggja á eftirfarandi atriðum:

- o Unnið skal út frá forsendum nemandans, þroska hans, áhuga og þörfum þannig að hann læri að nýta textílnámið til að skilgreina og uppfylla eigin þarfir.
- o Nemandinn fái þjálfun í að móta hugmyndir og fylgja ferlinu frá hugmynd að fullunnu verki.
- o Nemandinn venjist sjálfstæðum og öguðum vinnubrögðum.
- o Tölvur skulu notaðar þar sem við á, t.d. við sniðteikningar, mynsturgerð, þróun ímyndar og aðra hönnunarvinnu og við upplýsingaleit.
- o Áhersla skal lögð á að tengja textílkennslu handverki, hönnun og framleiðslu í þjóðfélaginu með vettvangsferðum á söfn, sýningar og fyrirtæki í iðnaði og þjónustu. Einnig skal lögð áhersla á tengsl við áhugasamtök og hópa á sviði handverks og hönnunar.

Textílnám felur í sér ákveðið ferli sem má skilgreina sem færniþættina: sköpun, túlkun og tjáningu annars vegar og skynjun, greiningu og mat hins vegar. Textílkennsla skal byggjast á því að þjálfna færni nemenda á báðum þessum sviðum. Með þessari flokkun er leitast við að tryggja það að kenndir séu og þjálfaðir allir þættir greinarinnar: færni, þekking og skilningur. Mismunandi vægi ætti að vera milli þessara þátta eftir aldri og þroska nemenda.

Sköpun/túlkun/tjáning

Þessir formþættir vísa til notkunar nemandans á fjölbreytilegu úrvali efniviðar og miðla greinarinnar í eigin sköpun.

Skynjun/greining/mat

Þessir formþættir vísa til þekkingar og skilnings á eðli handverks og hönnunar og á því menningarlega samhengi sem textílar eru skapaðir í; enn fremur til hæfninnar til að skynja og skilgreina handverk og hönnun og meta á rökstuddan hátt.

Inntak textílnáms er flokkað í

- o lögmál og aðferðir greinarinnar
- o félagslegt og sögulegt samhengi
- o fagurfræði og rýni

Fræðileg kennsla skal að hluta til samþætt verklegri kennslu á grunnskólastigi og fari fram með fyrirlestrum, verkefnum og safnaheimsóknnum og í tengslum við starfandi hönnuði og handverksfólk.

Námsmat

Námsmat í textílmennt er nauðsynlegur leiðsagnarþáttur fyrir nemendur, kennara og skólastarfið í heild. Mikilvægt er að í upphafi hvers skólaárs sé nemendum gerð grein fyrir markmiðum, þ.e. að hverju skal stefna og hvernig á að meta.

Námsmat miðar að því að safna upplýsingum um stöðu nemenda, getu þeirra og kunnáttu og þarf fyrst og fremst að taka mið af settum

markmiðum hverju sinni. Mismunandi viðfangsefnum hæfa mismunandi matsaðferðir. Í lokanámsmati skal að sjálfsögðu einnig huga að þáttum eins og framförum, sjálfstæði, frumkvæði, ástundun, vinnubrögðum og samstarfshæfni.

Í textílmennt er stefnt að því að efla mismunandi túlkunaraðferðir nemenda og jákvætt námsmat á að vera leiðbeinandi, gefa nemendum ábendingar um stöðu sína og veita þeim hvatningu.

Símat er nauðsynlegur þáttur í jákvæðu og uppbyggjandi námsmati. Með símati sér kennarinn auðveldlega hvort viðfangsefnin eru rétt valin og nemendur fylgjast með eigin framförum.

Hvort sem notuð er skrifleg umsögn, tákn eða tölulegt mat er mikilvægt að námsmatið sé ekki eingöngu kennaramat heldur fái nemendur frá upphafi leiðsögn í að meta eigin frammistöðu og verk á raunhæfan hátt og taki þar með þátt í ábyrgðinni sem fylgir námsmatinu. Sjálfsmat þjálfar nemendur í gagnrýninni hugsun og gefur þeim tækifæri til að tjá sig.

Skipulegt námsmat í formi kannana eða prófa er skilvirkt til að skoða t.d. skilning og þekkingu á hugtökum, áhöldum, samhengi í vinnuferli og sögulegum og félagslegum kunnáttuatriðum. Slíkar kannanir ættu að fara fram reglulega eða a.m.k. við lok 4., 7. og 10. bekkja áfanga. Kannanir mega samt ekki vera of stýrandi fyrir námið því að þær eru einungis hluti af heildarnámsmati.

Verklegar æfingar eða samræmd próf ættu að vera fastur liður í námsmati í textílmennt. Þar væri athugað hvernig nemendur leysa verkefni á sjálfstæðan hátt, vinna með áunna þekkingu og reynslu í námsgreininni og nýta handbækur og tiltæk gögn.

Lokamarkmið í textílmennt

Lögmál og aðferðir

Nemandi

hafi tileinkað sér þekkingu á grundvallarlögmálum hannyrða, efniviði og miðlum og færni í undirstöðuaðferðum fagsins, til eigin sköpunar og skilnings á handverki og hönnun, nánar tiltekið

- o form- og litafræði
- o efnisfræði textíla
- o hönnunarferli
- o færni í aðferðum og tækni, s.s. þrjóni, saumi, vefnaði, tóvinnu og þrykki

Sögulegt og félagslegt samhengi

Nemandi

hafi tileinkað sér þekkingu á því menningarlega samhengi sem handverk og hönnun sprettur úr, á verkmenningararfi og helstu stefnum og straumum í hönnun og handverki, nánar tiltekið

- o þekkingu á sögu og þróun íslensks heimilisiðnaðar og handverks
- o þekkingu á helstu dýrgripum íslenskrar textílsögu
- o tilfinningu fyrir daglegri notkun textíla

- o þekkingu á efnahagslegu og félagslegu hlutverki handverks, heimilisiðnaðar og hönnunar

Fagurfræði og rýni

Nemandi

hafi tileinkað sér annars vegar hæfni til umfjöllunar um eðli handverks og hönnunar og hins vegar færni til að skynja, greina og meta handverk og hönnun og leggja þannig grunn að persónulegu gildismati, nánar tiltekið

- o hugmyndir um eðli handverks, hönnunar og heimilisiðnaðar
- o færni til að skynja, greina og meta formfræðilegt og hagnýtt gildi handverks og hönnunar

Áfangamarkmið í textílmennt við lok 4. bekkjar

Yngsta stig (1.–4. bekkur)

Í framsetningu inntaks fyrir yngsta stig er mikilvægt að tengja viðfangsefnin hugarheimi nemandans og leikjum. Sjálfsgagnrýni er yfirleitt lítil en athafnaþörfin rík. Taka verður tillit til ólíkra áhugamála kynjanna. Með því er stuðlað að vinnugleði og frumkvæði og auk þess skilningi á hönnunarferlinu þar sem unnið er út frá þörf, hannaður og unninn hlutur sem hefur fagurfræðilegt og hagnýtt gildi fyrir nemandann. Á þessu stigi fer fram kynning á inntakspáttum textílmenntar sem farið er dýpra í á síðari stigum.

Lögmál og aðferðir

Sköpun/túlkun/tjáning

Við lok 4. bekkjar á nemandi að

- o geta nýtt sér nokkrar vinnuaðferðir greinarinnar í einföldum útfærslum, s.s. vefnað, saum, þrjón, hekl, þrykk, tóvinnu
- o geta beitt einföldustu áhöldum greinarinnar
- o gera sér grein fyrir hvernig hugmynd verður að hlut
- o geta unnið eftir fyrirmælum frá kennara

Skynjun/greining/mat

Við lok 4. bekkjar á nemandi að

- o geta sýnt fram á þekkingu á eiginleikum ullar- og baðmullarefna
- o hafa lært hugtök og heiti sem tengjast viðfangsefnum

Sögulegt og félagslegt samhengi

Skynjun/greining/mat

Við lok 4. bekkjar á nemandi að

- o gera sér gróflega grein fyrir að hvert tímabil hefur sín einkenni
- o þekkja dæmi um íslensk textílverk

Fagurfræði og rýni*Sköpun/túlkun/tjáning*

Við lok 4. bekkjar á nemandi að

- o geta nýtt sér fagurfræðileg sjónarmið (liti, form) við eigin sköpun

Skynjun/greining/mat

Við lok 4. bekkjar á nemandi að

- o skilja tengsl fagurfræði (litir, form) og textíla
- o geta tekið þátt í umræðum um fagurfræðilegt gildi textíla
- o geta metið eigin verk og rökstutt matið

Áfangamarkmið í textílmennt við lok 7. bekkjar

Miðstig (4.–7. bekkur)

Á miðstigi skal leitast við að þroska með nemendunum hæfileika til að vinna sjálfstætt og efla getu þeirra og hæfni til samstarfs við aðra þar sem um sameiginleg verkefni er að ræða. Taka verður tillit til ólíkra áhugamála einstaklinga á þessu stigi sem endranær. Á þessu stigi er hönnunarbátturinn gerður meðvitaðri þannig að nemendur fái í gegnum skapandi vinnu raunverulega reynslu og yfirsýn yfir ferlið frá hugmynd til útfærslu.

Lögmál og aðferðir*Sköpun/túlkun/tjáning*

Við lok 7. bekkjar á nemandi að

- o geta gert skissur af einföldum hlut
- o geta nýtt sér aðferðir og vinnulag textíla
- o þekkja og geta beitt helstu áhöldum og vélum greinarinnar
- o geta unnið eftir skriflegum leiðbeiningum og notað handbækur
- o hafa kynnst notkun tölvu í tengslum við textílvinnu

Skynjun/greining/mat

Við lok 7. bekkjar á nemandi að

- o geta endurmetið hugmynd og/eða verk á öllum stigum vinnuferlisins
- o þekkja helstu eiginleika náttúruafna og nokkurra gerviefna
- o kunna skil á framleiðsluferli helstu textílefna (ofin, prjónuð o.þ.h.)
- o hafa öðlast þekkingu á vefjarefnafræði
- o nota hugtök og heiti sem unnið hefur verið með

Sögulegt og félagslegt samhengi*Skynjun/greining/mat*

Við lok 7. bekkjar á nemandi að

- o geta leitað sér upplýsinga um textíla og textílvinnu
- o geta tengt valin textílverk því menningarlega samhengi sem þau voru sköpuð í
- o geta sýnt fram á þekkingu á sérkennum og tengslum íslenskrar textíliðju heimilisiðnaðar og handverks

- o gera sér grein fyrir hvaða áhrif ofnotkun efna getur haft á lífríki jarðar
- o geta fjallað um neyslustýringu

Fagurfræði og rýni

Sköpun/túlkun/tjáning

Við lok 7. bekkjar á nemandi að

- o nýta sér fagurfræði á meðvitaðan hátt við textílvinnu sína

Skynjun/greining/mat

Við lok 7. bekkjar á nemandi að

- o geta rökstutt fagurfræðileg sjónarmið í eigin verkum
- o geta fjallað um fagurfræðilegt og hagnýtt gildi handverks, bæði í eigin verkum og annarra
- o gera sér grein fyrir mikilvægi vandaðra vinnubragða og góðrar umgengni

Áfangamarkmið í textílmennt við lok 10. bekkjar

Unglingastig (8.–10. bekkur)

Á þessu stigi er áhersla lögð á sjálfstæða vinnu nemenda á grundvelli fyrra náms. Textílmennt er skyldunámsgrein í 8. bekk en í 9. og 10. bekk er um valgrein að ræða. Mælt er með að nemendum í 9. og 10. bekk standi til boða textílnám sem stefnir einkum að meðvitaðri notkun textíla til sjálfstæðrar vinnu, hönnunar og nýsköpunar. Lagt er til að í 9. og 10. bekk bjóði skólar sértækt val í takt við tímann innan inntaksflokksins lögmála og aðferða, t.d. þæfing, tóvinna, textílpýrk o.s.frv., eftir mismunandi forsendum einstakra skóla. Áfangamarkmið unglingastigs fela í sér kröfur til þeirra nemenda sem velja sér valgreinina textílmennt.

Lögmál og aðferðir

Sköpun/túlkun/tjáning

Við lok 10. bekkjar á nemandi að

- o geta nýtt sér mismunandi aðferðir textílgreinarinnar til að vinna með eigin hugmyndir
- o geta beitt verklagi, áhöldum og vélum textílgreinarinnar
- o geta notað möguleika margmiðlunar- og tölvutækni í tengslum við textílvinnu
- o hafa tamið sér vandvirkni og góða umgengni við vinnu sína
- o geta skipulagt raunhæft vinnuferli og fylgt því eftir

Skynjun/greining/mat

Við lok 10. bekkjar á nemandi að

- o geta þróað og endurmetið hugmynd á öllum stigum vinnuferlis
- o geta notað handbækur og gögn greinarinnar
- o geta leitað sér upplýsinga um textíla og textílvinnu
- o geta nýtt sér orðaforða textílgreinarinnar

Sögulegt og félagslegt samhengi

Sköpun/túlkun/tjáning

Við lok 10. bekkjar á nemandi að

- o geta nýtt sér ákveðin stílbrigði, ímynd eða aðferð frá tilteknu skeiði í eigin sköpun

Skynjun/greining/mat

Við lok 10. bekkjar á nemandi að

- o geta tengt valin textílverk því menningarlega samhengi sem þau voru sköpuð í
- o geta aflað sér upplýsinga um sögulega textíla, tísku og hönnun
- o geta sýnt fram á þekkingu á náttúrulegum og menningarlegum forsendum sem stýra neyslu og tísku
- o geta gert greinarmun á handverki og fjöldaframleiðslu

Fagurfræði og rýni

Sköpun/túlkun/tjáning

Við lok 10. bekkjar á nemandi að

- o geta valið form, liti, efni og aðferðir út frá fagurfræði og hagnýtissjónarmiðum og rökstutt valið

Skynjun/greining/mat

Við lok 10. bekkjar á nemandi að

- o hafa öðlast innsýn í fjölbreytta möguleika textílgreinarinnar
- o geta metið eigin textílverk og annarra á fagurfræðilegum forsendum
- o gera sér grein fyrir mikilvægi vandvirkni og góðrar umgengni
- o geta rökstutt tengsl heimilisiðnaðarhefðar, nútímahandverks og fjöldaframleiðslu

TÓNMENNT

Inngangur

Tónlist hefur á öllum tímum í öllum samfélögum verið samofin lífi og starfi manna. Í gleði og í sorg, við vinnu heima og heiman, í átökum og í friði, til örvunar, sefjunar og hvíldar, alls staðar er tónlistin. Hún hefur upphafið andann, sameinað, varðveitt söguna og útskýrt það sem orð fá ekki sagt. Ekkert svið mannlegrar tilveru er án tónlistar.

Skólinn er samfélag og tónlistin á að hafa þar sama hlutverk og í þjóðfélaginu í heild sinni. Tónlist í grunnskóla á ekki einungis að vera í höndum tónmenntarkennarans, tónlistaruppeldi er allra: foreldra, bekkjarkennara, tónlistarskóla, skólastjóra og yfirvalda. Það er mjög nauðsynlegt að tónmenntin sé ekki slitin úr tengslum við heildarstarf skólans og samfélagsins. Tónmenntarnámsgreinin hefur margþætt tengsl við allar greinar því tónlist er samofin flestu því sem menn taka sér fyrir hendur.

Tónlist er sérstakur þáttur í mannlegri greind sem hægt er að þroska með markvissri kennslu og þjálfun. Fyrir menntun hvers einstaklings hefur tónmenntarkennsla viðtækt gildi sem felst í því að efla alhliða þroska nemandans. Tónlistariðkun krefst líkamsþjálfunar, skapandi og rökréttar hugsunar og agaðra og skipulegra vinnubragða. Tónlistariðkunin hefur yfirfærslugildi á aðra hæfni og þekkingu, svo sem samhæfingu hugar og handar, lestrarþjálfun, málþroska, formskynjun, samvinnu og samlíðan, félagsmótun, hlutfallaskynjun, sögu og samfélagsskilning.

Að lokum ber að nefna að tónlist er mikilvæg atvinnugrein í nútímaþjóðfélagi. Tónlistarfræðsla í grunnskólum er liður í menntun þeirra nemenda sem síðar meir kynnu að leggja stund á þessa grein til frekara náms og starfs.

Nám og kennsla

Áhugi nemandans sjálfs er ein mikilvægasta forsenda fyrir árangursríku námi. Í tónmennt er það því eitt af viðfangsefnunum að vekja áhuga, vekja með nemandanum jákvæða afstöðu til tónlistar og tónlistariðkunar og þroska jafnframt hæfni hans til að njóta tónlistar og gera sér grein fyrir gildi hennar fyrir einstaklinginn og samfélagið.

Að iðka tónlist og njóta hennar felur í sér ákveðin ferli:

- o söng og raddbeitingu
- o lestur og ritun
- o hljóðfæranotkun
- o hreyfingu
- o hlustun
- o sköpun

Í námskránni er gengið út frá fyrstu fjórum færniþáttunum en ferlin hlustun og sköpun verða samofin þeim. Hlustun er rauður þráður í öllu tónlistarnámi og engin tónlistarvinna fer fram án virkrar hlustunar.

Námskrá í tónlist er byggð á þeirri skilgreiningu að nemandinn framkvæmir og ígrundar. Með þessu er leitast við að tryggja að kenndir séu og þjálfaðir allir þættir námsgreinarinnar: færni, þekking og skilningur.

Inntak námsgreinarinnar er flokkað í

- frum-, efnis-* og leikniþætti
- sögulegt og félagslegt samhengi
- tónlistarlegt innsæi

**Skilgreiningar á frum- og efnisþáttum:*

	Frumþættir vísa til eðlis hljóða og tóna, þ.e. hráefnis tónlistarinnar	Efnisþættir vísa til efniviðar sem má greina í tónlist (hér er átt við notkun frumþátta til að mynda tiltekna tónlist eða tónlistarstíl)
Tónhæð:	hljóð eru mismunandi há eða lág	hreyfing tónhæða, tónbil, laglína, tónmynstur og hendingar, tónstigar, tóntegundir, tónaröð, þrástef, laggerð
Tónlengd:	hljóð eru mismunandi löng	tónlengd, púls, hraði, hrynur, áhersla, taktur, taktskipti, fjöltaktur
Hljómar:	hljóð hljómar eitt sér eða með öðrum	einn tónn / fleiri en einn tónn, hljómar, fjölröddun, tónklasar
Tónblær:	hljóð hefur blæ sem ákvarðast af hljóðgjafanum, lögun hans, stærð og framköllun hljóðsins	mismunandi hljóðgjafar, tónmyndun, raddir og raddsvið, notkun efniviðar í efnisgerð ásamt hljóðbeitingu og blæbrigðamótun
Tónstyrkur:	hljóð eru missterk	sterkt/veikt, vaxandi/dvínandi
Form:	hljóð byrja og enda	form, hendingar, frumstef, endurtekningar, andstæður, úrvinnsla, formgerð (sónata, fúga)
Hljómburður og rými:	hljóð hljóma mismunandi eftir umhverfi	hljómburður, rými, bergmál, antifónía (víxlsöngur), víðóma
Túlkun:	hljóð hljóma mismunandi eftir leikmáta	tón- og hendingamótun, staccato, legato, pizzicato, öndun

Námsmat

Í námskránni er lögð áhersla á að nemandinn skapi tónlist, túlki hana, leiki og tjái annars vegar og hins vegar skynji tónlist, greini hana og meti. Nauðsynlegt er að námsmat endurspegli þessar áherslur og fari fram á sem flestum sviðum með víðtækum viðfangsefnum sem reyna á margs konar virkni.

- o Mat þarf að leggja á vinnuferil nemanda ekki síður en lokaniðurstöðu verkefna.
- o Mat þarf að vera óhlutdrægt, sanngjarnt, skýrt og ótvírætt.
- o Sjálfsmat nemanda er mikilvægt eigi markmið tónlistarfræðslu að nást.
- o Símat er árangursríkt í tónlistarvinnu jafnt sem leiðsagnarmat.

Mat á tónsköpun nemanda er, eins og allt mat á listrænni færni, fjölþætt og getur verið flókið mál. Hægt er að meta tónverk út frá því hvernig til hefur tekist við að nota efnisþættina til að móta heildstætt verk. Hvernig hefur tekist að skipuleggja hugmyndir, ná jafnvægi, hápunkti, búa til stemmningu og stíl? Jafnframt þarf að taka tillit til þess að hvert tónverk skapar sínar eigin forsendur og því verða viðmið að vera sveigjanleg. Þegar meta þarf frumleika er varað við því að líta á eftirlíkingar sem galla, það er meðferðin á eftirlíkingum sem meta þarf. Það er eðlilegur þáttur í skapandi ferli hvers og eins að líkja eftir. Sköpunargáfa og hugmyndaflug er háð reynslu, þekkingu og færni.

Metið skal eftir markmiðum

Matið er innbyggt í vinnuferlið. Kennari gerir gátlista og metur jafnóðum framlag nemenda. Nemendur meta eigið verkefni og sjálfa sig sem hluta af hópi.

Kennarar geta nýtt sér ýmsar aðferðir við gagnasöfnun. Eftirfarandi eru dæmi um söfnun upplýsinga um stöðu nemenda, færni þeirra, þekkingu og skilning.

Dæmi um námsmatsverkefni á yngsta stigi

Hljóðfæranotkun

- o Nemendur semja tónverk fyrir skólahljóðfæri sem byrja veikt og hægt og enda hratt og sterkt.
- o Nemendur nota valin hrynhljóðfæri til þess að spila undir sönglög á viðeigandi hátt, t.d. Sofðu unga ástin mín og Ríðum heim til Hóla.
- o Nemendur greina hljóðfæri eftir heyrn í tónverki fyrir tréspil og trommur frá Vestur-Afríku, nemendur tjái sig á einfaldan hátt um uppruna þessarar tónlistar.

Hreyfing

- o Nemendur rísa á fætur og leggjast á gólf eftir hreyfingu sleðaflautu.
- o Nemendur breyta um göngustefnu í hringdansi um leið og hljóðfæraskipan breytist (t.d. Händel: Koma drottningarinnar af Saba).
- o Nemendur sýna með borðum hendingarmótun þegar tóndæmi er leikið (borðinn hnígur í lok hverrar hendingar).
- o Nemendur ganga í takt við fjórðapartsnótur og klappa áttundapartsnótur á sama tíma.

Lestur og ritun

- o Nemendur búa til í hópi tónverk fyrir trommur með gefnum hrynmynstrum: crescendo og diminuendo.
- o Nemendur greina út frá nótnamynd á milli einfaldra laglínustefja.
- o Nemendur fylgja laglínu eftir nótnamynd um leið og sungið er lagið A, b, c, d.

- o Nemendur finna upp nótnatákn til að skrá mismunandi tónhæðarferli og tónstyrk.

Söngur og raddbeiting

- o Nemendur ræða saman og koma með tillögur um hvernig nota má breytingu á tónstyrk til að túlka Maístjörnuna í söng. Lagið sungið undir stjórn og metið hvernig til tekst (leiðsagnar- og sjálfsmat).
- o Sönghæfni nemenda metin í gegnum hermisöng undir stjórn kennara (stefna laglínu, raddbeiting, öndun, tónsvið).
- o Nemendur velja rétta mynd við hlustunardæmi (kvennakór, blandaður kór, barnsraddir).

Dæmi um námsmatsverkefni á miðstigi

Hljóðfæri

- o Nemendur greina mismunandi hljóðfæraskipan í þremur sinfóníuverkum, t.d. Sinfóníu nr. 104 eftir Haydn, Sjöttu sinfóníu Beethovens og Sögusinfóníunni eftir Jón Leifs. Nemendur raða tónverkunum í röð eftir aldri og rökstyðja niðurstöðuna.
- o Nemendur semja hljóðfæraverk, „Tignarlegar hátíðarstemmingar“ fyrir heimsókn góðra gesta til skólans. Nemendur og kennari meta verkið út frá því hvernig tókst að ná fram hátíðarstemmingu.
- o Nemendur spila undir sönglög á hryn- og lagræn hljóðfæri við þrástef sem hefur verið lært eftir heyrn eða lesið af nótum.

Hreyfing

- o Nemendur búa til eigin dans við O Fortuna úr Carmina Burana eftir Carl Orff.
- o Nemendur læra og flytja stríðsdans frumbyggja Nýja-Sjálands og búa síðan til eigin stríðsdans og lag.
- o Nemendur dansa vals, polka eða mars eins og passar við tiltekið hlustunardæmi.

Lestur og ritun

- o Nemendur semja á klukkuspil eða tréspil fjögurra hendinga lag, AABA, og skrá það.
- o Nemendur æfa og flytja tónverk sem er aðeins til ritað í grafískum nótnatáknum, t.d. Stenalter eftir Ivar Frounberg (Bandtropering Folkeskolens Musiklærerforening).
- o Nemendur greina eftir heyrn á milli þriggja skráðra hryndæma sem kennari klappar eða spilar.

Söngur og raddbeiting

- o Nemendur hlusta á, greina og meta notkun raddarinnar í upphafi verksins Kommu eftir Þorkel Sigurbjörnsson.
- o Nemendur búa til og æfa dagskrá með íslenskum og erlendum sönglögum sem verða flutt á stuttum kynningum fyrir foreldra.
- o Nemendur botna upphafshendingu á pentatónískum tónstiga með tónatkvæðum (dú, bí, dú) sem kennarinn syngur um leið og hann leikur undir einfalt hljómaferli á píanó (d-moll, C-dúr, B-dúr og C-dúr).

Dæmi um námsmatsverkefni á unglingastigi

Hljóðfæri

- o Nemendur vinna að kynningu á kínverskri tónlist og hljóðfærum fyrir skólann (diskur: „Tranan og furutréd – kínversk tónlist og seiðandi norðurljós“, Kínversk-íslenska menningarfélagið, KÍM 95001).
- o Nemendur semja og spinna, æfa og flytja tónverk í blússtíl.
- o Tónverk, sem nemendur flytja/semja, er metið til einkunna með fyrirfram ákveðnu viðmiði (t.d. vald á efni, úrvinnsla hugmynda og fjölbreytni).

Hreyfing

- o Nemendur horfa á valda kafla af myndbandinu Riverdance, greina á milli danstegunda sem þar koma fram (írskur þjóddans, stepp, flamenkó, kósakkadans) og tjá sig um uppruna þeirra, skyldleika og einkenni.
- o Nemendur búa til dansspuna við stutt píanóverk samið fyrir börn (t.d. eftir Kabalevsky, Schumann, Bartók, Elías Davíðsson eða Hafliða Hallgrímsson) og sýna það yngri nemendum skólans.

Lestur og ritun

- o Nemendur æfa og flytja tónverk fyrir slagverkssveit út frá hefðbundinni nótnarritun.
- o Nemendur nota klippi- og límtækni í tölvu til þess að semja tónverk í örstefjatónlistarstíl (minimalisma) eftir að hafa hlustað og greint verk í þeim stíl eftir Steve Reich eða Philip Glass.

Söngur og raddbeiting

- o Nemendur semja stuttan fyrirlestur með hlustunardæmum um mismunandi söngstíl, t.d. íslensk kvæðalög, rapp, recitativo og talkóra.
- o Nemendur syngja þríraddað lag og meta flutninginn m.t.t. túlkunar, tóngæða og raddbeitingar.
- o Nemendur búa til söng- eða raddverk fyrir útvarps- eða sjónvarpsauglýsingar.

Lokamarkmið í tónmennt

Frum-, efnis- og leikniþættir

Nemandi

tileinki sér þekkingu á frum-, efnis- og leikniþáttum tónlistar (sjá skilgreiningar á frum- og efnisþáttum) og færni til að nýta sér þá og valda miðla tónlistar til eigin tjáningar og skilnings á fjölbreyttri tónlist, nánar tiltekið

- o frumþáttum: eðli hljóða og tóna, s.s. tónhæð, tónlengd, hljóðmum, tónblæ, tónstyrk, formi, hljómburði og rými og túlkun
- o efnisþáttum: framsetningu frumþáttanna í fjölbreyttri tónlist (dæmi: tónbil, hrynnur, tónklasar, tónmyndun, stef, formgerð, tónmótun o.s.frv.)
- o tæknilegri færni og tjáningu, s.s. söng og raddbeitingu, lestri og ritun, hljóðfæranotkun, hreyfingu, hlustun og sköpun

Sögulegt og félagslegt samhengi

Nemandi

tileinki sér þekkingu á því menningarlega samhengi sem fjölbreytt tónlist sprettur úr, á tónlistararfinum og helstu stefnum og straumum í tónlistarheiminum, nánar tiltekið

- o sögulegu og samfélagslegu samhengi tónlistar
- o helstu tónlistarstefnum
- o helstu hljóðfærum heims
- o íslenskum tónlistararfi

Tónlistarlegt innsæi

Nemandi

tileinki sér skilning og þekkingu á eðli tónlistar og hæfni til að hlusta, greina og meta fjölbreytta tónlist og leggja þannig grunn að persónulegu gildismati, nánar tiltekið

- o grundvöll til að hlusta og hafa ánægju af tónlist
- o grundvöll til að taka þátt í tónlistarumræðu
- o grundvöll til að rökstyðja eigin skoðanir á tónlist

Áfangamarkmið í tónmennt við lok 4. bekkjar**Yngsta stig (1.–4. bekkur)**

Nauðsynlegt er að hefja strax á þessu aldurstigi skipulega uppbyggingu tónlistarnáms. Lög og textar þurfa að höfða til nemenda og tengjast hugarheimi þeirra. Áhersla skal lögð á fjölbreytta nálgun þar sem nemendur þjálfra leikni og læra jafnhliða um frum- og efnisþætti tónlistarinnar og þau grunnhugtök sem nýtast við að fjalla um tónlist og tengja hana sögulegu og félagslegu samhengi. Á þessu stigi eru kynntir inntaksþættir tónlistarinnar en á eldri stigum eru þeir dýpkaðir.

Frum-, efnis- og leikniþættir*Hljóðfæri*

Við lok 4. bekkjar á nemandi að

- o geta leikið á einföld hljóðfæri (skóla- og heimasníðuð hljóðfæri)
- o geta beitt frumþáttum tónlistar í einföldum hljóðfæraleik
- o geta unnið með óhefðbundna hljóðgjafa í könnun sinni á hljóðheiminum
- o geta leikið létt þrástef eða annan léttan undirleik með söng
- o geta fylgt stjórnanda í hljóðfæraleik
- o geta búið til einföld hljóð- og tónverk með skólahljóðfærum og öðrum hljóðgjöfum
- o geta valið hljóðfæri og samið einfaldan undirleik við lög eða ljóð (hljóðskreyta)

Hreyfing

Við lok 4. bekkjar á nemandi að

- o sýna fram á með hreyfingu að hann skynji frum- og efnisþætti tónlistar, s.s. puls, áherslur, einfalt form hraðabreytingar, tónhæðarmun o.s.frv.

- o vera fær um að nota hugmyndaflug sitt til þess að túlka eigin upplifun á tónlist í dansi eða hreyfingu
- o geta dansað hefðbundna hreyfileiki og dansa

Lestur og ritun

Við lok 4. bekkjar á nemandi að

- o geta notað eigin tákn (grafíska nótnaskrift) til að skrá eftir heyrn og til að tjá öðrum eigin tónlistarhugmyndir
- o geta flutt tónlist eftir grafískri skrift, s.s. laglínustefnu, endurtekningu nótna, háa og djúpa tóna o.s.frv.
- o nota táknin f, p, G og L við skráningu og flutning tónlistar
- o skrá eftir heyrn hálfnotur, fjórðapartsnótur, áttundapartsnótur og fjórðapartspögn
- o þekkja G-lykil, nótnastreng, nótnalínur og -bil og endurtekningarmerki

Söngur og raddbeiting

Við lok 4. bekkjar á nemandi að

- o geta notað röddina til hljóð- og tónsköpunar
- o geta sungið hreint með skýrum framburði
- o geta beitt frumþáttum tónlistar, s.s. tónhæð og tónstyrk, í söng með tilfinningu fyrir hendingarmótun
- o geta sungið utanbókar (einn og með öðrum) 20 lög
- o geta fylgt stjórnanda
- o geta notað röddina til að flytja þulur og raddverk
- o geta sungið eftir heyrn og minni laglínur og tónmynstur (á nótnaheitum, söngheitum, tónatkvæðum (rú, rú), eða hrynheitum)
- o geta sungið tónhæðaferil eftir grafískum nótnatáknum
- o geta sungið dúr- og molltónstiga á söngheitum og nótnaheitum (c-c og a-a)
- o geta spunnið laglínur eftir fyrirmælum

Sögulegt og félagslegt samhengi

Hljóðfæri

Við lok 4. bekkjar á nemandi að

- o þekkja helstu hljóðfæraflokka eftir sjón og heyrn
- o þekkja uppruna helstu hljóðfæra
- o skilja hvernig tónar mismunandi hljóðfæra myndast
- o þekkja mismunandi notkun hljóðfæra sem tengist siðum og venjum
- o þekkja algengustu samspilshópa (sinfóníuhljómsveit, lúðrasveit o.s.frv.)
- o þekkja nokkur algeng hljómsveitarverk og höfunda þeirra (íslensk og erlend tónskáld)

Hreyfing

Við lok 4. bekkjar á nemandi að

- o geta tekið þátt í hreyfileikjum og dönsum í skólanum og annars staðar
- o hafa öðlast innsýn í hlutverk dansins í ólíkum menningarsamfélögum (vikivaki sem varðveitir sögu, stríðsdans til örvunar o.s.frv.)

Lestur og ritun

Við lok 4. bekkjar á nemandi að

- o gera sér grein fyrir mikilvægi þess að skrá tónlist

Söngur og raddbeiting

Við lok 4. bekkjar á nemandi að

- o þekkja og geta sungið nokkur íslensk og erlend þjóðlög
- o þekkja og geta sungið nokkra árstíðabundna söngva

Tónlistarlegt innsæi

Hljóðfæri

Við lok 4. bekkjar á nemandi að

- o geta greint frumþætti tónlistar í hljóðfæratónlist
- o geta greint mismunandi leiknimáta
- o geta rökstutt val sitt og notkun hljóðfæra í eigin verkum og annarra
- o geta greint eftir heyrn helstu hljóðfæri og öll helstu skólahljóðfæri

Hreyfing

Við lok 4. bekkjar á nemandi að

- o geta sýnt fram á samband hreyfingar og tónlistar og skilning á frum- og efnisþáttum tónlistar
- o geta rökstutt á einfaldan hátt val sitt á notkun hreyfingar við tónlist („ég vel hratt því að púlsinn er hraður“)

Lestur og ritun

Við lok 4. bekkjar á nemandi að

- o greina frumþætti og efnisþætti í einfaldri tónlist út frá grafískri og hefðbundinni nótnaskrift og táknum
- o meta skráningu sína á eigin tónlist

Söngur og raddbeiting

Við lok 4. bekkjar á nemandi að

- o geta heyrt og greint frumþætti tónlistar í sönglögum og öðrum raddverkum
- o geta greint í sundur mismunandi söngmáta og raddgerðir
- o geta á einfaldan hátt metið eigin raddbeitingu og söng

Áfangamarkmið í tónmennt við lok 7. bekkjar

Miðstig (5.–7. bekkur)

Þjálfaðir eru þeir námsþættir sem nemendur kynntust á yngsta stigi, þekkingin dýpkuð og nýir þættir lagðir inn. Í tengslum við skapandi starf nemenda á námið að vera hvati til aukins innsæis og æ dýpri skilnings þeirra á hljóðheimi og tónlist í fortíð og nútíð.

Frum-, efnis- og leikniþættir

Hljóðfæri

Við lok 7. bekkjar á nemandi að

- o geta leikið á algengustu skólahljóðfæri og heimasmiðuð hljóðfæri
- o geta búið til hljóð- og tónverk á skólahljóðfæri og óhefðbundna hljóðgjafa
- o geta notað hljóðfæri til þess að leika laglínu, hrynmynstur, þrástef og einfalda hljóma eftir heyrn og af blaði
- o geta fylgt stjórnanda í hljóðfæraleik
- o geta notað hljóðfæri til að fullgera og enda lag- og hrynmynstur (spurning/svar)
- o geta á einfaldan hátt leikið á hljóðfæri undir söng

Hreyfing

Við lok 7. bekkjar á nemandi að

- o sýna fram á með hreyfingu að hann skynji frum- og efnisþætti tónlistar
- o geta túlkað með hreyfingu persónulega upplifun á tónlist
- o geta sett saman og flutt eigin dansa eða hreyfimyndir við eigin tónlist eða annarra

Lestur og ritun

Við lok 7. bekkjar á nemandi að

- o geta skráð tónlist eftir heyrn með eigin táknum (grafísk nótnaskrift)
- o geta skráð eigin tónlist (hefðbundin eða grafísk nótnaskrift)
- o geta leikið einfalda tónlist af blaði (hefðbundna eða grafíska nótnaskrift)
- o þekkja og nota ff, f, mf, mp, p, pp við skráningu og flutning tónlistar
- o geta skráð eftir heyrn heilnótu, hálfnútu, fjórðapartsnótu, áttundapartsnótu, fjórðapartspögn og hálfnútuþögn
- o geta leikið einföld hrynmynstur af blaði
- o þekkja G-lykil, nótnastreng, línur og bil, endurtekningarmerki, lokastrík, áherslu og taktboða

Söngur og raddbeiting

Við lok 7. bekkjar á nemandi að

- o geta sungið fjölbreytt lög sem gera auknar kröfur um stjórnun á tónhæð (breiðara raddsvið), skýran textaframburð, hendingarmótun og öndun
- o geta túlkað þekkt lög samkvæmt eðli lags og texta
- o geta sungið einrödduð keðjusöngslög og einfaldar tvíradða útsetningar
- o geta fylgt stjórnanda
- o geta notað röddina til að flytja þulur og raddverk
- o geta sungið eftir heyrn og minni þekkt lög, laglínur og einfalt tónmynstur (á texta, söngheitum, nótnaheitum, tónatkvæðum eða hrynheitum)
- o geta sungið tóna og tónbil eftir heyrn
- o geta sungið einfalt þriggja tóna stef eftir nótum
- o geta spunnið og samið fyrir raddir út frá mismunandi hugmyndum

Sögulegt og félagslegt samhengi

Hljóðfæri

Við lok 7. bekkjar á nemandi að

- o hafa öðlast innsýn í hljóðfæratónlist ýmissa siða og athafna (lúðrar/„fanfare“/herköll)
- o hafa öðlast innsýn í íslenska hljóðfæratónlist, þróun hennar og sérkenni
- o þekkja valin íslensk tónskáld og tónverk þeirra
- o þekkja valin erlend tónskáld og tónverk þeirra
- o gera sér grein fyrir félagslegu og sögulegu samhengi þeirrar hljóðfæratónlistar sem fengist er við hverju sinni
- o þekkja helstu hljóðfæri og hljóðfæraflokka í sjón og eftir heyrn og vita hvernig þau mynda tón (slagverks-, blásturs-, strengja- og hljómborðshljóðfæri)

Hreyfing

Við lok 7. bekkjar á nemandi að

- o hafa tekið þátt í hreyfileikjum og dönsum frá ýmsum tímabilum og löndum
- o kunna skil á mismunandi hlutverki dansa í ólíkum menningarsamfélögum
- o gera sér grein fyrir hlutverki tónlistar í dansi og hlutverki dansins í tónlistarsögunni
- o hafa fengið innsýn í þjóddansa og þjóðlagatónlist víðs vegar að úr heiminum (íslenskir þjóddansar og þjóðlög, flamenkódans og spænsk tónlist, klassískur ballett og balletttónlist)

Lestur og ritun

Við lok 7. bekkjar á nemandi að

- o þekkja helstu þætti í þróun nótnarritunar (lyklar, nótnastrengurinn, naumur)

Söngur og raddbeiting

Við lok 7. bekkjar á nemandi að

- o geta sungið íslensk þjóðlög og sönglög
- o geta sungið erlend lög og þjóðlög
- o geta sungið árstíða- og hátíðabundna söngva
- o hafa fengið innsýn í einkenni sönglaga frá mismunandi menningarsvæðum
- o þekkja íslensk þjóðlög og hafa fengið innsýn í þróun þeirra og sérkenni
- o þekkja valin íslensk tónskáld
- o hafa tekið þátt í mismunandi flutningsmáta sem tengist ólíkum stíltegundum
- o gera sér grein fyrir sögulegu og samfélagslegu samhengi þeirra sönglaga sem verið er að syngja

Tónlistarlegt innsæi

Hljóðfæri

Við lok 7. bekkjar á nemandi að

- o geta heyrt og greint frum- og efnisþætti í mismunandi hljóðfæratónlist
- o geta greint mismunandi spilamáta (pizzicato, mjúkir kjuðar, þýrl, víbrató)
- o geta rökstutt og metið eigin leiðir í túlkun á eigin verkum og annarra
- o geta greint og metið mismunandi hljóðfæranotkun í ýmsum tónverkum
- o geta rökstutt eigin skoðun á ólíkri hljóðfæratónlist

Hreyfing

Við lok 7. bekkjar á nemandi að

- o geta skynjað hreyfingu tónlistar og tjáð hana með líkamanum
- o geta metið og rökstutt skoðun sína á eigin hreyfingum og annarra við tónlist

Lestur og ritun

Við lok 7. bekkjar á nemandi að

- o geta greint frum- og túlkunarþætti tónlistar út frá grafískri og hefðbundinni nótnaskrift og táknum
- o geta metið og rökstutt eigin tónlistarskráningu og annarra

Söngur og raddbeiting

Við lok 7. bekkjar á nemandi að

- o geta heyrt og greint frum- og efnisþætti fjölbreyttra sönglaga og raddverka
- o geta rökstutt og metið eigin túlkun á tónlistarflutningi
- o geta heyrt, greint og tjáð sig um mismunandi stíltegundir sönglaga og raddverka frá ólíkum menningarsvæðum og tímabilum

Áfangamarkmið í tónmennt við lok 10. bekkjar

Unglingastig (8.–10. bekkur)

Á þessu stigi er áhersla lögð á sjálfstæða vinnu nemenda á grundvelli fyrra náms. Tónmennt er skyldunámsgrein í 8. bekk en í 9. og 10. bekk er um valgrein að ræða. Hver skóli þarf að skilgreina inntak valgreinarinnar í samræmi við sérstöðu, aðstæður, þarfir og getu nemandans og lokamarkmið aðalnámskrár í tónmennt. Áfangamarkmið unglingastigs fela í sér kröfur til þeirra nemenda sem velja sér valgreinina tónmennt.

Frum-, efnis- og leikniþættir

Hljóðfæri

Við lok 10. bekkjar á nemandi að

- o geta notað hljóðfæri til að leika laglínu, hrynmynstur, þrástef og einfalda hljóma
- o geta notað tölvu og hljóðgervil sem hljóðgjafa

- o geta notað hljóðfæri til að fullgera hrynn- og laghendingar
- o geta notað hljóðfæri til að spila undir sönglög
- o geta notað hljóðfæri til tónsköpunar
- o hafa tekið þátt í samspili (t.d. slagverkssveit, lúðrasveit, poppsveit, rappsveit og/ eða kammerhópi)

Hreyfing

Við lok 10. bekkjar á nemandi að

- o geta sett saman og flutt eigin dansa við eigin tónlist eða annarra
- o geta útskýrt sameiginlega útgangspunkta danshöfunda og tónskálda (grunnhugmynd, form, sjónrænar, tónrænar og hrynnrænar endurtekningar, hliðranir, endurvinnslu hugmynda, útfærslur o.fl.) og nýtt í eigin dans- og tónsköpunarvinnu

Lestur og ritun

Við lok 10. bekkjar á nemandi að

- o geta skráð tónlist eftir heyrn með eigin táknum
- o geta skráð eigin tónlist með hljóðritun, tölvu og grafískri nótnaskrift (eigin tákn)
- o geta flutt tónlist eftir grafískri nótnaskrift
- o geta notað táknin ff, f, mf, mp, p, pp við skráningu tónlistar
- o geta skráð eftir heyrn og leikið heilnótu, hálfnotu, fjórðaparts- og áttundapartsnótur og heilnótu- og fjórðapartsþagnir
- o þekkja G-lykil, nótnastreng, línur og bil, endurtekningarmarki, niðurlagsmerki, áherslu og taktboðann 2/4 og 3/4
- o geta fylgt hreyfingu í hefðbundinni nótnaskrift
- o geta safnað saman hljóðum með hljóðrita og „sampler“
- o geta klippt og límt í tölvu

Söngur og raddbeiting

Við lok 10. bekkjar á nemandi að

- o geta sungið fjölbreytt lög sem reyna æ meira á tækni og túlkun
- o geta sungið einraddaðan keðjusöng og einfaldar tveggja og þriggja radda útsetningar
- o geta sungið laglínur og tónmynstur á texta, söngheitum, nótnaheitum og/ eða hrynnheitum
- o geta sungið í auknum mæli eftir nótum
- o geta sungið einstök tónbil og laglínur eftir heyrn
- o geta fullgert og botnað hendingar í söng
- o geta spunnið og samið hljóð-/tónverk fyrir raddir út frá mismunandi hugmyndum og stíl

Sögulegt og félagslegt samhengi

Hljóðfæri

Við lok 10. bekkjar á nemandi að

- o þekkja hljóðfæri og hljóðfæratónlist frá mismunandi tímabilum og menningarsvæðum
- o þekkja hljóðfæranotkun tengda ýmsum siðum og athöfnum

- o þekkja íslenska hljóðfæratónlist, þróun og sérkenni hennar
- o þekkja valin íslensk tónskáld og tónverk þeirra
- o þekkja valin erlend tónskáld og tónverk þeirra
- o þekkja hvernig tónlistar- og hljóðheimurinn tengist öllum þáttum samfélagsins (t.d. byggingarlist, eðlisfræði, heimspeki og atvinnulífi)

Hreyfing

Við lok 10. bekkjar á nemandi að

- o geta tekið þátt í dönsu og hreyfileikjum frá ýmsum tímabilum og löndum
- o þekkja dansinn sem listform og hlutverk hans í tónlistarsögunni
- o geta dansað íslenska þjóðdansa og þekkja einkenni þjóðdansatónlistar
- o þekkja sögulegt og samfélagslegt samhengi ýmissa dansstíla og tónlistar (flamenkó, grískir hringdansar, vikivakar, klassískur ballett, karnivaldansar o.fl.)

Lestur og ritun

Við lok 10. bekkjar á nemandi að

- o þekkja hvernig ritháttur hefur breyst með tilkomu tækninnar (tölva, hljóðritun)
- o þekkja hvernig tónskáld og hljómsveitir hafa nýtt sér skráningartæknina
- o þekkja helstu þætti í þróun nótnarritunar

Söngur og raddbeiting

Við lok 10. bekkjar á nemandi að

- o geta sungið fjölbreytt lög frá mismunandi tímabilum og menningarsvæðum
- o geta sungið lög á erlendum tungumálum
- o geta sungið algeng mannamótslög
- o þekkja einkenni sönglaga frá ákveðnum menningarsvæðum
- o þekkja íslensk sönglög, þróun þeirra og sérkenni
- o þekkja valin íslensk söngskáld
- o hafa vald á mismunandi flutningsmáta og túlkun sem tengist ólíkum stíltegundum
- o gera sér grein fyrir sögulegu og samfélagslegu samhengi þeirra sönglaga sem verið er að syngja

Tónlistarlegt innsæi

Hljóðfæri

Við lok 10. bekkjar á nemandi að

- o geta greint mismunandi leikniðferðir
- o geta tengt ákveðna hljóðfæranotkun og hljóðfæraskipan mismunandi stíltegundum
- o geta rökstutt og metið eigin leiðir í túlkun á eigin tónverkum og annarra
- o geta rökstutt val sitt og hljóðfæranotkun í eigin tónsköpun
- o geta greint eftir heyrn alla hljóðfæraflokka og hljóðfæri þeirra
- o geta lagt rökstutt mat á ólíka hljóðfæratónlist

Hreyfing

Við lok 10. bekkjar á nemandi að

- o geta sýnt hreyfingu og hryn tónlistar með líkamanum
- o geta rökstutt val sitt á dansi eða hreyfingu við ákveðna tónlist
- o geta rökstutt skoðun sína á dansi við ákveðna tónlist í ljósi þess sem verið er að túlka

Lestur og ritun

Við lok 10. bekkjar á nemandi að

- o geta greint frum- og efnisþætti tónlistar út frá hefðbundinni og grafískri nótnaskrift
- o geta metið og rökstutt eigin tónlistarskráningu og annarra

Söngur og raddbeiting

Við lok 10. bekkjar á nemandi að

- o geta heyrt og greint frum-, efnis- og túlkunarþætti fjölbreyttra sönglaga og raddverka
- o geta metið og rökstutt eigin túlkun á söng
- o geta fullgert og botnað hendingar í söng
- o geta rökstutt eigin skoðun á mismunandi söngstíl og stefnum

Almennt um tónmenntarkennslu í 9. og 10. bekk

Í 9. og 10. bekk er gert ráð fyrir að tónmennt sé val. Ekkert mælir gegn því að 9. og 10. bekkingar séu saman í tónmennt. Námstilboð geta verið mjög breytileg eftir skólum og á milli ára. Einnig er hugsanlegt að nemendum standi til boða tónmenntarkennsla í samþættingu við aðrar greinar (t.d. landafræði/tónlist, eðlisfræði/tónlist, tölvur/tónlist).

Tónmennt fjallar alltaf um það sama, það er verið að kenna tónlist og um tónlist í gegnum tónlist. Alltaf er verið að vinna með frumþætti tónlistarinnar og næmi nemandans fyrir þeim. Hraði, hrynur, blær, styrkur og form eru viðfangsefni sem aldrei verða fulllærð heldur þarf alltaf að vinna með þau á krefjandi hátt eftir aldri og þroska nemandans. Þegar valdar eru aðferðir og leiðir þurfa markmiðin að vera ljós. Hér fara á eftir nokkrar hugmyndir að möguleikum á námstilboðum fyrir valgreinina tónmennt.

Tónlist, dans og menning

Nemandi

hafi unnið með dans og tónlist frá ólíkum tímum og samfélögum, t.d. stríðsdansa, trúardansa, sagnadansa, trommudansa

- o semji tónlist, hreyfingu og/eða dans, einn eða í hópi, þar sem unnið er með tónlist, rýmið og líkamann
- o geti rætt um, í ljósi þekkingar sinnar á tónlist í sögulegu samhengi, út frá hvaða hugmyndum vinna hans er sprottin
- o geti sjálfur metið vinnuaðferðir m.t.t. eigin virkni og á hvern hátt hann nýtir sér þekkingu sína á tónlist og dansi í vinnunni

Tónlist, tölvun og stíllinn

Nemandi

hafi unnið með valdar stíltegundir, kynnst þeim og samið tónverk með tölvu í ákveðnum stíl, s.s. blúshljómagangur, kirkjutóntegundir, örstef (mínimalismi)

- o vinni á tölvuna sem skráningartæki og flutningstæki
- o geti rætt um verk sitt í sögulegu samhengi
- o geti metið vinnuaðferðir sínar m.t.t. þekkingar sinnar á tónlist

Tónlist, tölvun og margmiðlun

Nemandi

hafi unnið með tölvuna og ólíka miðla, s.s. tónlist, texta, myndir, hljóð og kvikmyndir

- o nýti tölvuna til að semja tónlist við t.d. tölvugrafík eða kvikmynd
- o nýti á fjölbreytilegan hátt mismunandi miðla til að túlka listrænar hugmyndir
- o kynnist hlutverki margmiðlunar í listum samfélagsins
- o greini og meti sína eigin notkun og annarra á margmiðlunartækni til sköpunar listaverka

Bílskúrshljómsveit

Nemandi

hafi unnið með hefðbundin rafmagnshljóðfæri, trommusett og söngkerfi; nemanda hafi verið kenndir einfaldir hljómagangar og undirstöðuatriði í hljómsveitarvinnu

- o þjálfist í að leika á rafmagnshljóðfæri og trommur
- o kynnist dægurtónlistarstílnum fræðilega
- o geti greint og flokkað einföld dægurlög með tilliti til takts og uppbyggingar

Slagverkshljómsveit

Nemandi

hafi unnið með slagverkshljóðfæri úr ýmsum áttum; nemanda hafi verið kennd mismunandi hrynnform (kalypsó, samba, tangó)

- o læri undirstöðuatriði í mismunandi ásláttartækni og þjálfist í að leika á ásláttarhljóðfæri í samspili
- o læri úr hvaða menningarheimi hrynnformin koma
- o geti greint mismunandi hrynnmynstur

Sönghópur

Nemandi

hafi unnið með röddina við að syngja verk eftir tónskáld eða að semja raddverk og lög

- o kynnist röddinni sem hljóðfæri og læri söngtækni
- o syngi lög frá mismunandi löndum og tímum
- o geti metið flutning sönghópsins í ljósi þekkingar sinnar á raddbeitingu og söngtækni

Tónlist, leiklist, sýning

Nemandi

hafi unnið með tónlist, rödd, hljóðfæri, líkamann og rýmið til að setja á svið eigin verk eða annarra

- o þjálfist í að vinna með öðrum nemendum með mismunandi efnivið með það markmið að setja upp sýningu
- o kynnist því ferli sem uppsetning leiksýninga er
- o kynnist leikhúsi sem listmiðli og hlutverki tónlistar í leikhúsi

Tónlist og eðlisfræði

Nemandi

hafi unnið með hljóð og honum hafi verið kennd undirstaða í eðlisfræði hljóðsins

- o vinni með rafmagn, tölvu eða hljóðgervil sem hljóðgjafa og sveiflusjá og semji raftónverk byggð á þekkingu sinni
- o geti rætt um verk sitt út frá þekkingu sinni á hljóðeðlisfræði
- o geti metið vinnu sína m.t.t. þekkingar sinnar á tónlist

Tónlistarsaga og hlustun

Nemandi

hafi unnið með valin tímabil tónlistarsögunnar og þau hafi verið útskýrð fyrir honum með tóndæmum

- o geti rætt um tóndæmin í sögulegu samhengi
- o geti greint helstu grunnþætti tónlistarinnar

LEIKRÆN TJÁNING

Inngangur

Frá unga aldri nota börn ímyndunarleikinn til að rannsaka, skipuleggja og skilja sig og umhverfi sitt. Leikræn tjáning byggist á þessu náttúrulega ferli. Hún byggist á munnlegri og líkamlegri tjáningu, stuðlar að auknum orðaforða og hugtakaskilningi og eflir sjálfsvitund og félagsþroska nemenda. Leiklist/leikræn tjáning sækir næringu sína í lífið. Hún er um félagsleg málefni, sögulega viðburði, goðsögur og ævintýri, hugmyndir, sambönd og afstöðu. Aðferðir greinarinnar má nota til að rannsaka mannleg samskipti jafnt sem hugmyndir eða rúmfræðileg (geómetrísk) form.

Sérstaða leikrænnar tjáningar er hlutverkaleikurinn og persónusköpunin. Nemendur læra að setja sig í spor annarra og takast á við ímyndaðar aðstæður. Skilningur og nám á sér stað vegna þeirrar kröfu sem þessar aðstæður gera til þátttakenda. Með leikrænni tjáningu öðlast nemandinn aukinn sjálfsskilning og bætt sjálfsmat. Hinar sértæku aðferðir greinarinnar auðvelda honum að yfirvinna tilfinningalegar og líkamlegar hömlur og þróa sjálfstraust í daglegum samskiptum. Í leiklist og leikrænni tjáningu taka nemendur þátt í skipulagðri og markvissri samvinnu sem eflir félagsþroska.

Í þessari námskrá verður gerður greinarmunur á hugtökunum „leikræn tjáning“ og „leiklist“. Í leiklist er stefnt markvisst að sýningu fyrir áhorfendur en í leikrænni tjáningu er reynsla þátttakenda meginmarkmiðið. Eigi að síður er byggt á sömu grunnhugmynd, að setja sig í spor annarra.

Leikræn tjáning sem þverfagleg grein: Yfirlit

	Viðfangsefni leikrænnar tjáningar	Aðferðir 1.–4. bekkur	Aðferðir 5.–7. bekkur	Aðferðir 8.–10. bekkur
Íslenska	- munnleg túlkun - skrifleg túlkun - bókmenntir - fjölmiðlar	- látbragðs-leikur - kyrrmyndir - brúðuleikhús - leikspuni - horfa á leik-sýningar - horfa á mynd-bönd - horfa á sjón-varp - leikrænar æfingar	- látbragð - kyrrmyndir - paravinna - leikspuni - bekkurinn - sérfræðingar - túlkun á eigin texta - skipuleggja mynd-bandsupptöku - gagnrýna og meta innihald - tengsl við menningararf - setja upp dagskrár og leiksýningar - ritun í hlutverki	- sömu aðferðir og á miðstigi - túlkun ýmiss konar texta
Samfélagsgreinar og kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði	- samfélög - mannleg samskipti - lífsleikni – lífssýn	- nemendur sem sér-fræðingar - látbragðs-leikur - kyrrmyndir - leikspuni - persónu-sköpun	- allar aðferðir hlutverkaleiks - innlifun - að deila með öðrum - formleg athöfn - ritun í hlutverki	- allar aðferðir leikrænnar tjáningar
Erlend tungumál	- hlutverka-leikir - leikrænir leikir - textavinna	- kyrrmyndir - leikrænir leikir	- kyrrmyndir - paravinna - bekkurinn - viðtöl - leikrænir leikir	- allir hlutverkaleikir - flytja og túlka mismunandi texta
Náttúrufræði/stærðfræði	- rannsóknir - form og rými	- látbragð - leikspuni - nemendur gerðir að sérfræðingum - leikrænar æfingar	- hreyfing - látbragð - paravinna - nemendur gerðir að sérfræðingum	- nemendur sem sérfræðingar
Íþróttir	- leikir - dansspuni - leikrænar æfingar	- frjálsir leikir og hreyfi-túlkun á frásögnum og ævintýrum	- látbragð - hreyfing - dansspuni til að túlka viðfangsefni	- látbragð og hreyfing til túlkunar á líðan og tilfinningum
Myndmennt og textill/tæknigr.	- myndgerð - form - mótun	- brúðuleikhús - kyrrmyndir	- senugerð - kyrrmyndir - leikmunagerð	- hreyfingar og líkamstjáning til að skynja form og tilfinningar
Tónlist	- samþætting á hreyfingu og tjáningu	- tengja tónlist við leiki og leikrænt ferli	- tengja tónlist við vinnu í öðrum greinum - tónlist sem áhrifagjafi í leikritun og leikspuna	- skoða og gagnrýna tónlistarmyndbönd - sjá og fjalla um söngleiki - tengja tónlist við leikspuna eða leiktexta

Nám og kennsla

Leikrænni tjáningu/leiklist er ekki ætlaður ákveðinn tími á viðmiðunarskrá grunnskólans. Greinin er þverfagleg og er ætlað að samþætta uppeldis- og menntamarkmið eins og þau eru sett fram í 2. grein grunnskólalaga.

Greinin getur tengst skólastarfi á þrjá vegu

- o aðferð eða leið við kennslu — almennir kennarar annast kennsluna
- o sjálfstæð námsgrein, leiklist — sérmenntaðir kennarar sjá um kennsluna
- o listasmiðjur af ýmsu tagi — leikræn tjáning er kennd í tengslum við aðrar listgreinar en einnig á eigin forsendum — sérmenntaðir kennarar kenna undirstöðuatríðin en starfa að öðru leyti með öðrum listgreinakennurum og bekkjarkennurum

Við skipulagningu námsins skal hafa eftirfarandi atriði að leiðarljósi

- o námið á að þjálfra hæfni nemenda til skapandi hugsunar og athafna, til að taka frumkvæði og til að bregðast við samkvæmt eigin hugmyndum og tilfinningum
- o námið á að leitast við að leysa ímyndunaraflið úr læðingi og stuðla að tillitssemi við aðra
- o námið á að stuðla að jafnvægi á milli viðbragða sem byggjast á innsæi og tilfinningum annars vegar og viðbragða sem byggjast á þekkingu og vitsmunalegri hugsun hins vegar
- o námið á að stuðla að skilningi á fjölbreytileika mannlífsins og ólíkra menningarheima

Allir grunnskólanemendur eiga að fá tækifæri til að vinna með aðferðir leikrænnar tjáningar í almennu skólastarfi, bæði í verkefnum sem byggjast á námsefni og eins verkefnum sem hafa það markmið að byggja upp sjálfsmynd nemenda og þjálfra þá í lífsleikni. Allir nemendur á yngsta stigi og miðstigi fái þjálfun í leikrænni tjáningu og skólar geta boðið upp á leiklist sem námsgrein í vali á unglingastigi.

Námsmat

Pegar leikræn tjáning er hluti af almennu námi er gerð krafa til þess að sýna megi fram á mælanlega þróun á hæfni einstaklinga til að tjá sig, koma skoðunum sínum á framfæri og túlka niðurstöður á frambærilegan hátt. Meta skal þennan túlkunarþátt jafnmarkvisst og aðra þætti, með sjálfsmati, kennaramati og jafningjamati. Hver skóli verður að samræma mat á þessum þætti við annað mat sem skólinn lætur frá sér fara. Gengið er út frá því að bekkjarkennari á yngsta stigi og á miðstigi haldi utan um matsþáttinn og á unglingastigi sá kennari sem sinnir nemendunum mest. Ákveðnir viðmiðunarstuðlar og færniþættir eru í tengslum við sköpun, túlkun og tjáningu sem nemendur eiga að hafa náð eftir hvern áfanga og við lok grunnskóla en skynjun, greiningu og mat getur verið flókið að meta. Þó má fá nemendur til að taka afstöðu og rökstyðja skoðanir sínar á leikverkum, kvikmyndum og sjónvarpsþáttum. Hér eins og í öllu skólastarfi verður að gera þeim ljóst til hvers er ætlast og hvað og hvernig á að meta. Nemendur eru mjög viðkvæmir fyrir gagnrýni. Því getur mat stundum verið of ógnandi til að þjóna tilætluðum árangri en í leikrænni tjáningu, eins og í öðrum greinum, er æskilegt að nemendur fái jafnóðum hvatningu og vitneskju um árangur. Endurgjöf til nemenda getur farið fram á ýmsum stigum og þannig stuðlað að því að þeir geri sér betur grein fyrir verkefninu.

Kennurum ber að meta

- o frumleika í hugsun
- o hæfni til að skipuleggja framlag sitt
- o gæði og raunsæi í lausnum
- o túlkun á niðurstöðum (framkoma, framsögn, hæfni til að túlka)
- o samstarfshæfni
- o hlustun á aðra nemendur
- o greiningu/mat

Matið er innbyggt í vinnuferlið hvort sem verið er að meta aðra þætti sem settir eru fram með aðferðum leikrænnar tjáningar eða sköpunarþáttinn, túlkunina og tjáninguna. Kennari gerir gátlista þar sem hann merkir jafnóðum við þessa þætti. Hann metur niðurstöður nemenda og flutning á þeim. Ef ferlið tekur eina til tvær kennslustundir ber kennara að fylgjast með nokkrum nemendum í einu og sjá hvernig þeim tekst að ná settum markmiðum.

Dæmi:

- o Tekst nemanda að vinna með efniviðinn á skapandi hátt?
- o Tekst honum að koma hugmyndum sínum skipulega frá sér?
- o Eru raunhæf tengsl á milli verkefnis og lausna?
- o Hvernig er flutningur og/eða túlkun á niðurstöðum (leikspuna, fyrirlestrum, upplestri fyrir hóp)?
- o Hlustar nemandinn á það sem aðrir hafa fram að færa?
- o Hvernig tekst að greina/meta framlag annarra?

Kennari metur nemendur bæði sem einstaklinga og hluta af hópnum. Hann metur hvernig nemandinn hlustar á aðra hópa og hvernig hann sem áhorfandi metur hvernig til hefur tekist. Nemendur meta eigið framlag: eigið verkefni, sjálfa sig sem hluta af hópi og nemendahópar meta sameiginlega vinnuna innan hópsins. Flestar matsaðferðir í leikrænni tjáningu eiga við á öllum stigum grunnskólans.

Kennari safnar upplýsingum og gögnum til að meta.

Dæmi:

- o Fylgist með og skráir hjá sér jafnóðum það sem nemendur eru að gera.
- o Er í hlutverki og spyr krefjandi spurninga um það sem nemendur eru að fást við.
- o Notar gátlista.
- o Prófar þekkingu og færni sérstaklega bæði skriflega og munnlega.
- o Metur viðfangsefni einstaklinga eða hópa.
- o Metur flutning á niðurstöðum.
- o Safnar öllum skrifum nemenda í hlutverki og gefur fyrir í einhverri mynd.
- o Þegar nemendur vinna í hópum fær kennari einn úr hverjum hópi til að greina frá hvernig gengur eða kennari gengur milli hópa og athugar stöðuna og skrifar hjá sér.
- o Setur nemendur í hlutverk sem eru annaðhvort í andstöðu við þau hlutverk sem þeir eru að fást við eða fjarlæg þeim í tíma og biður þá að segja álit sitt á verkinu.

Lokamarkmið í leikrænni tjáningu

Sköpun/túlkun/tjáning

Nemandi

hafi tileinkað sér þekkingu á grunnaðferðum og grunntækni greinarinnar og geti nýtt sér þessa þekkingu og færni í leik og starfi, einkum til að byggja upp sjálfstraust og þjálf samskiptahæfni, nánar tiltekið

- o hlutverkaleik, s.s.
 - o kyrrmyndir, paravinnu, „nemendur gerðir að sérfræðingum“, spuna, persónusköpun, yfirheyrslu, viðtöl, umræður í hlutverki
- o innlifun
- o hreyfingu, látbragð og leik
- o líkamstjáningu
- o formlega athöfn
- o „að deila með öðrum“
- o raddbeitingu

Skynjun/greining/mat

Nemandi

hafi tileinkað sér færni til að skynja, greina og meta leiklist og leggja þannig grunn að persónulegu gildismati, nánar tiltekið

- o hafi öðlast skilning á leiklist sem tjáningarformi
- o geti notið leiklistar á jákvæðan og gagnrýninn hátt

Áfangamarkmið í leikrænni tjáningu við lok 4. bekkjar

Sköpun/túlkun/tjáning

Við lok 4. bekkjar á nemandi að

- o þekkja og geta unnið með einföldustu aðferðir leikrænnar tjáningar, s.s.
 - o kyrrmyndir
 - o „nemandinn gerður að sérfræðingi“
 - o spuna
 - o „umræður í hlutverki“
 - o „að deila með öðrum“
- o hafa með þátttöku í leikrænni tjáningu öðlast skilning á ýmsum þáttum daglegs lífs
- o vera í hópi fær um að skapa, móta og túlka litla leikþætti út frá námsefni (vinsælli sögu, sögn (mýtu) eða út frá andstæðum hugtökum (t.d. vinátta/óvinátta))
- o geta túlkað fyrir áhorfendur einföld hlutverk í hópsenum
- o geta unnið eftir skipulögðu ferli sem hefur upphaf og endi
- o vera fær um að standa fyrir framan félagu sína og lesa áheyrilega upp úr eigin verkum
- o standa fyrir framan félagu sína og segja frá skoðun sinni á ákveðnu málefni

Skynjun/greining/mat

Við lok 4. bekkjar á nemandi að

- o vera með aðstoð kennara fær um að lýsa framvindunni í upplestri eða sjónvarpsþætti eftir hlustun og/eða áhorf
- o geta sagt álit sitt á inntaki upplestrar eða sjónvarpsþáttar á skýran og skilmerkilegan hátt
- o geta tekið þátt í umræðum um leiksýningar og sjónvarpsþætti
- o geta lýst skoðun sinni á leikriti sem nemendur hafa tekið þátt í eða séð
- o geta lagt mat á og tjáð sig á jákvæðan hátt um túlkun félaga sinna
- o geta með hjálp kennara borið saman sýningu sem hann sér hjá atvinnumönnum og eigin leikþætti

Áfangamarkmið í leikrænni tjáningu við lok 7. bekkjar

Sköpun/túlkun/tjáning

Við lok 7. bekkjar á nemandi að

- o þekkja og geta notað allar helstu aðferðir leikrænnar tjáningar
- o vera fær um að taka á skapandi hátt þátt í mótun á leikrænu ferli
- o geta í hópí notað stutta leikspuna út frá námsefni
- o geta á einfaldan hátt skapað persónur og túlkað viðhorf þeirra til einhvers málefnis
- o geta túlkað hlutverk í litlum leikþáttum
- o geta túlkað athafnir með látbragði
- o geta flutt stutta ræðu úr pontu á áheyrligan hátt
- o geta tjáð skoðanir sínar á ákveðnu málefni
- o geta tekið þátt í að skipuleggja leikrænt ferli þar sem rými, hljóð og aðrir möguleikar leikhússins eru nýttir (eftir því sem skólar hafa tök á)

Skynjun/greining/mat

Við lok 7. bekkjar á nemandi að

- o vera fær um að meta á raunsæjan hátt eigin verk
- o geta tekið jákvæðri gagnrýni kennara og félaga
- o vera fær um að leggja raunsætt mat á túlkun félaga sinna
- o geta sett fram hugmyndir um hvernig má bæta eigin verk og annarra og dýpka innlifun
- o gera sér grein fyrir tengslunum á milli þess sem hann er að fást við í skólanum og íslenskrar leikhúsmenningar

Áfangamarkmið í leikrænni tjáningu við lok 10. bekkjar

Sköpun/túlkun/tjáning

Við lok 10. bekkjar á nemandi að

- o vera fær um að taka virkan þátt í skapandi ferli í samvinnu við aðra
- o geta í hlutverki túlkað sjónarmið annarra í rituðum texta

- o geta skapað persónu og túlkað viðhorf hennar bæði munnlega og skriflega
- o hafa öðlast öryggi og sjálfstraust til að tjá hugsun sína, tilfinningar og hugmyndir
- o geta með látbragði túlkað einfaldar aðstæður
- o geta staðið upp og tjáð skoðanir sínar og rökstutt þær
- o geta flutt og túlkað texta á áheyrilegan hátt úr pontu
- o geta þróað leikspuna í tengslum við námsefni
- o geta tekið þátt í að skapa og móta mismunandi gerðir leikþátta þar sem blandað er saman margs konar aðferðum leikrænnar tjáningar og tækni leikhússins
- o geta tekið þátt í að skipuleggja sýningar fyrir áhorfendur

Skynjun/greining/mat

Við lok 10. bekkjar á nemandi að

- o skilja og greina aðalatriðin í leiktexta
- o geta fjallað um blæbrigði raddarinnar
- o geta tekið virkan þátt í umræðum um leiksýningar og notað til þess viðeigandi orðaforða
- o geta lagt mat á leiksýningar sem nemendur taka þátt í eða sjá í leikhúsi og sjónvarpi, á upplýstan og greinargóðan hátt og gert grein fyrir forsendum

DANS

Inngangur

Dans hefur fylgt mannkyninu frá örófi alda. Hann er alþjóðlegt tungumál án orða. Börnum er eðlislægt að tjá sig með líkama sínum áður en þau taka að beita hugtakaheimi orða. Einn megintilgangur dansmenntunar í grunnskóla er að gefa barninu tækifæri til að fá útrás fyrir hreyfigetu, tjá og túlka hugsun sína, hugmyndir og tilfinningar með líkamstjáningu.

Dans eflir hreyfiproska barnsins og sjálfsvitund, hann stuðlar að eðlilegum félagslegum samskiptum, eflir sjálfsöryggi og er gleðigjafi sem vinnur gegn streitu. Dans eykur tillitssemi í mannlegum samskiptum og stuðlar að eflingu samkenndar í bekkjarheildum. Með kennslu í dansi eigin menningar og annarra má efla skilning á hefðum og menningu, bæði eigin þjóðar og annarra. Dansinn er mikilvægur í þroskaferli sérhvers einstaklings svo að hann fái notið sín í samfélagi manna. Dansinn má tengja öðrum námsgreinum grunnskóla á margvíslegan hátt.

Nám og kennsla

Kennsla í dansi og líkamstjáningu er í höndum almennra bekkjarkennara og sérgreinakennara, svo sem tónmenntakennara, íþróttakennara, danskennara eða viðurkenndra leiðbeinenda eftir aðstæðum. Í öllum tilfellum skal kennsla skipulögð í samræmi við lokamarkmið grunnskóla í greininni.

Skólar verða að tryggja það að allir nemendur geti mætt lokamarkmiðum grunnskóla í dansi og líkamstjáningu. Greinina má kenna á námskeiðum og er lágmarkstímafföldi slíkra námskeiða átta kennslustundir á vetri á yngsta stigi og miðstigi en greinin er valgrein á unglingastigi.

Við skipulagningu námsins skal hafa eftirfarandi atriði að leiðarljósi:

- o Námið á að leitast við að leysa ímyndunaraflið úr læðingi og þjálfra hæfni nemenda til skapandi líkamstjáningar og frumkvæðis.
- o Námið á að stuðla að öryggiskennd einstaklinga innan hópsins og tillitssemi við aðra.
- o Námið á að stuðla að færni í samræmingu hreyfinga og tónlistar og sjálfstrausti til að dansa við óþekkt lög.
- o Námið á að stuðla að skilningi á sérkennum ólíkra menningarheima.

Námsmat

Þegar dans/líkamstjáning er hluti af almennu námi er gerð krafa til þess að sýna megí fram á mælanlega þróun á hæfni og þátttöku einstaklinga. Það á að meta þennan þátt jafnmarkvisst og aðra þætti, með sjálfsmati og kennaramati. Hver skóli verður að samræma mat á þessum þætti við annað mat sem skólinn lætur frá sér fara. Gengið er út frá því að umsjónarkennari á yngsta stigi og miðstigi haldi utan um matið þegar um samþættingu er að ræða en á sérstökum námskeiðum meti námskeiðskennari námið. Hér eins og í öllu skólastarfi verður að gera nemendum ljóst til hvers er ætlast og hvað og hvernig á að meta. Þeir eru mjög viðkvæmir fyrir gagnrýni og því getur mat stundum verið of ógnandi til að þjóna tilætluðum árangri en í dansi, eins og í öðrum greinum, er æskilegt að nemendur fái jafnóðum hvatningu og vitneskju um árangur.

Kennurum ber að meta eftir markmiðum

- o þátttöku, framfarir, tillitssemi
- o skapandi færni
- o tæknilega færni
- o skynjun, greiningu, mat

Matið er innbyggt í vinnuferlið. Kennari gerir gátlista þar sem hann merkir jafnóðum við. Kennari metur niðurstöður nemenda og flutning á þeim.

Kennari metur nemendur bæði sem einstaklinga og hluta af hópnum. Nemendur meta eigið framlag: eigið verkefni og sjálfa sig sem hluta af hópi.

Dæmi um námsmat á yngsta stigi

Verkefni:

- o að hlusta á tónlist og skýra frá og sýna þann dans sem fellur að tónlistinni

Meta skal:

- o dansstöðu/hald, tónskynjun og útfærslu á dönsum

Verkefni:

- o hlusta á ákveðna tónlist, klassíska eða popp, nota ímyndunaraflið í túlkun tónlistarinnar

Meta skal:

- o túlkun, nýtingu rýmis, samsetningu hreyfinga og skrefa

Dæmi um námsmat á miðstigi

Verkefni:

- o að hlusta á tónlist, dansa og setja saman tilbrigði („varíanta“) – samsetningar að eigin vali við hvern dans

Meta skal:

- o tónskynjun, útfærslu á dansi, samsetningu tilbrigða („varíanta“)

Lokamarkmið í dansi

Sköpun/túlkun/tjáning

Nemandi

hafi tileinkað sér skilning á hreyfigetu líkamans, möguleikum hans til tjáningar og kjark og færni í að beita honum til sköpunar, nánar tiltekið

- o félagslegt öryggi til þess að tjá hugsun sína, hugmyndir og tilfinningar í hreyfingu/dansi
- o þekkingu á undirstöðuatriðum almennra algengra dansa
- o að samhæfa hreyfingar við tónlist
- o sjálfstraust til að dansa við algeng danslög

Skynjun/greining/mat

Nemandi

- o hafi öðlast innsýn í fjölbreytta menningararfleifð í dansi

Áfangamarkmið í dansi við lok 4. bekkjar

Sköpun/túlkun/tjáning

Við lok 4. bekkjar á nemandi að

- o hafa eflt eigin hreyfigetu
- o þekkja og skynja hreyfimyntur hópa: raðir, hringi, skálínur, fylgja öðrum
- o kunna einföldustu grunnspor í dönsu, s.s. polka, vals, hoppspor, tengja saman hreyfingar og einfalt samba, djæf og grunnspor í enskum valsi
- o geta skynjað hrynjandi og sérkenni hennar í hreyfingum og tónlist
- o hafa öðlast samhæfingu handa og fóta
- o geta spunnið í dansi, túlkað með hreyfingum atburði, hluti, tónlist; geta nýtt rýmið og tónlistina
- o þekkja og nýta sér almennar kurteisisvenjur í samskiptum; bjóða upp í dans, vinna í hópi, taka tillit til annarra

Skynjun/greining/mat

Við lok 4. bekkjar á nemandi að

- o geta á einfaldan hátt tjáð skoðun sína á dansi

Áfangamarkmið í dansi við lok 7. bekkjar

Sköpun/túlkun/tjáning

Við lok 7. bekkjar á nemandi að

- o hafa með þátttöku í spuna öðlast kjark til að spinna hreyfingar og/eða hreyfimyntur við fjölbreytta tónlist
- o kunna grunnspor og einfaldar samsetningar grunnspora, þ.e. í hinum tíu viðurkenndu samkvæmisdönsum (keppnisdönsum): enskum vals, kvikksteppi, foxtrott, tangó, vinarvalsi, rúmbu (amerískri, kúbverskri), tsjatsjatsja, djæfi, „paso doble“ og sömbu
- o kunna þann tiskudans sem er vinsæll hverju sinni
- o kunna að minnsta kosti einn þjóðdans, t.d. vikivaka

Skynjun/greining/mat

Við lok 7. bekkjar á nemandi að

- o þekkja og geta skilgreint tiltekna dansa í tengslum við tónlist
- o öðlast innsýn í íslenska danshefð
- o þekkja breidd dansins
- o vita hvernig dansnám getur nýst honum í framtíðinni
- o geta lagt mat á hinar mismunandi listdansssýningar

Áfangamarkmið 8.–10. bekkjar – dansvalgrein

Hér fáir nemendur ákveðið frjálfsræði hvað varðar verklega þáttinn. Þeir eigi kost á að velja á milli samkvæmisdans og listdans; annaðhvort að sækja sérhæfða dansskóla eða fá í skólann sérhæft fólk til þess að annast þessa þjálfun.

Sköpun/túlkun/tjáning

Listdans

Við lok 10. bekkjar á nemandi að

- o hafa þekkingu og kunnáttu á uppbyggingu og samsetningu grunnæfinga
 - o við stöng
 - o á gólfi

Samkvæmisdans

Við lok 10. bekkjar á nemandi að

- o hafa kunnáttu á ákveðnum fjölda tilbrigða í hverjum hinna hefðbundnu samkvæmisdansa
- o kunna skil á gömlu dönsunum
- o geta sýnt a.m.k. einn íslenskan þjóðdans

Skynjun/greining/mat

Við lok 10. bekkjar á nemandi að

- o hafa fengið innsýn í sögu dansins, þekkja tegundir dansa, uppruna og þróun hvers um sig (þetta á bæði við um listdans og samkvæmisdans)
- o geta fjallað um íslenska danshefð

Listdans

Við lok 10. bekkjar á nemandi að

- o geta sýnt og gert grein fyrir uppbyggingu þjálfunartíma í klassískum listdansi og nútímalistdansi

Samkvæmisdans

Við lok 10. bekkjar á nemandi að

- o geta sýnt og skýrt frá tæknilegri hlið líkamshreyfinga, fótaborðar og danshalds í hinum mismunandi dönsunum

VIÐAUKI

Prepamarkmið í myndmennt

Prepamarkmið 1. bekkjar

Lögmál og aðferðir

Nemandi

- o vinni myndræna frásögn úr nánasta umhverfi, upplifunum og ímyndunum með því að nota á fjölbreytilegan hátt viðeigandi efni, verkfæri og tækni
- o þekki hugtakið grunnform og geti beitt því í myndgerð
- o þekki muninn á grunnformum og náttúrulegum formum
- o þekki frumlitina og geri einfaldar litablöndur
- o þekki mismunandi myndgerðir m.t.t. tækni, t.d. málverk, teikningu, þrykk, ljósmynd, stytta o.s.frv. í tengslum við það verkefni sem unnið er hverju sinni
- o þekki hugtakið myndbygging og viti hvað er nálægð og fjarlægð
- o skilji mikilvægi þess að ganga frá verkefnum, efnum og áhöldum
- o geri sér grein fyrir verðmæti þeirra efna og áhalda sem unnið er með hverju sinni

Sögulegt og félagslegt samhengi

Nemandi

- o þekki mismunandi myndir í umhverfi sínu, hlutverk þeirra og gerð; sem dæmi um þetta má nefna myndir til að fegra umhverfið, myndir til að varðveita augnablik, skýringarmyndir, auglýsingar, myndskreytingar o.s.frv.

Fagurfræði og rýni

Nemandi

- o fjalli um hvaða gildi myndverk getur haft fyrir hvern og einn
- o lýsi myndverki og skoðun sinni á því

Prepamarkmið 2. bekkjar

Lögmál og aðferðir

Nemandi

- o vinni myndræna frásögn úr nánasta umhverfi, upplifunum og ímyndunum með því að vinna á fjölbreytilegan hátt með viðeigandi efni, verkfæri og aðferðir
- o geri litablöndur úr frumlitunum og þekki sex lita hringinn
- o þekki hugtakið áferð og geti beitt því í mynd
- o þekki hugtakið lína og beiti henni á mismunandi hátt í mynd til að fá fram ólík áhrif
- o setji sér einfaldar reglur um frágang verkefna, efna og áhalda

Sögulegt og félagslegt samhengi

Nemandi

- o skoði mismunandi mynddæmi sem tengjast þeim verkefnum, hugtökum og miðlum sem unnið er að hverju sinni
- o þekki helstu listaverk í nánasta umhverfi skólans, t.d. í skólanum sjálfum, í íbúðahverfinu eða heimabyggð og fræðist um listamennina sem gerðu þau

Fagurfræði og rýni

Nemandi

- o geti rætt inntak myndverks og sögu þess
- o geti greint aðalatriði og aukaatriði myndar
- o geti skilgreint munnlega eftir mynddæmum þætti er koma fram í mynd, s.s. grunnform, frumliti, einföldustu litablöndur, mismunandi tegundir lína
- o lýsi munnlega skoðun á mynd á eigin forsendum

Prepamarkmið 3. bekkjar

Lögmál og aðferðir

Nemandi

- o noti fjölbreytileg efni, verkfæri og aðferðir við eigin myndsköpun
- o vinni myndverk á mismunandi tegundir pappírs, s.s. þrykk og klippimyndir auk teiknunar og málunar
- o blandi liti úr frumlitunum með áherslu á litatóna
- o geri sér grein fyrir að litir hafa mismunandi áhrif, eru t.d. heitir og kaldir
- o þekki grunnformin og verkun þeirra í umhverfinu með skoðun á þeim og úrvinnslu í myndgerð
- o þekki einfalda myndbyggingu og mun á forgrunni, bakgrunni og miðrými ásamt kyrrð og hreyfingu í byggingu mynda
- o geti gengið frá verkefnum, efnum og áhöldum
- o geri sér grein fyrir verðmæti þeirra efna og áhalda sem unnið er með hverju sinni

Sögulegt og félagslegt samhengi

Nemandi

- o viti að listamenn túlka raunveruleika og ímyndanir á ólíkan hátt í verkum sínum í nútíð og fortíð
- o viti að ýmsir þættir í menningu þjóða, t.d. þjóðsögur, ævintýri og goðsagnir, hafa áhrif á myndrænar frásagnir
- o skoði mismunandi mynddæmi sem sýna ólíkar útfærslur á sama viðfangsefninu, t.d. á hugtakinu fjall eða landslag í nútíð og fortíð; áhersla skal lögð á að myndlistarmenn nota mismunandi nálgun að sama viðfangsefni

Fagurfræði og rýni

Nemandi

- o viti að það er ekki til einn raunveruleiki eða sannleikur í sköpun listamanna
- o geti lýst munnlega áhrifum verks, t.d. hvort um er að ræða kvöld, nótt, dag o.s.frv. eða tilfinningalega þætti, s.s. gleði og sorg
- o geti lýst munnlega skoðun á mynd á eigin forsendum

Prepamarkmið 4. bekkjar

Lögmál og aðferðir

Nemandi

- o þekki virkni ljóss og skugga í umhverfinu og geti tjáð uppgötvanir sínar á einfaldan hátt í eigin verkum
- o beiti litafræði til að kalla fram ákveðin áhrif í mynd
- o þekki hugtakið rými með áherslu á umhverfið, s.s. götur, torg og byggingar
- o þekki hugtökin jákvætt og neikvætt rými og beiti þeim í myndgerð, s.s. þrykki og mótun
- o vinni með rýmistilfinningu í myndgerð; áhersla skal lögð á litafræði, einkum andstæða liti, ljós og skugga, heita og kalda liti
- o þekki grunnformin og geti breytt tvívíðu formi í þrívítt form
- o geri formkannanir á fyrirbærum í umhverfinu og einfaldi form í tvívíðri og þrívíðri vinnu
- o geti gengið frá verkefnum, efnum og áhöldum
- o geri sér grein fyrir verðmæti efna og áhalda sem unnið er með hverju sinni

Sögulegt og félagslegt samhengi

Nemandi

- o þekki mismunandi mynddæmi úr íslenskri listasögu, byggingarlist og listiðnaði með áherslu á að list sprettur úr menningarlegu samhengi hvers tíma
- o þekki og ræði mismunandi mynddæmi úr íslenskri listasögu með áherslu á miðla og hugtök sem unnið er með
- o þekki einn til tvo íslenska listamenn, ævi, sögu og verk hans eða þeirra

Fagurfræði og rýni

Nemandi

- o geti lýst munnlega og skriflega áhrifum í myndverki með tilvísun í verkið. Dæmi: Hvernig virkar myndin á mig? Höfðar verkið til mín? Ef ekki, af hverju ekki? Hvað ef allir litir, sem eru bláir í verkinu, væru rauðir? o.s.frv.
- o geti lýst munnlega og skriflega merkingu verks að hans mati, t.d. ást, fegurð, hræðslu, hatri, æsingi, kulda, einmanaleika, gleði o.s.frv.

Prepamarkmið 5. bekkjar

Lögmál og aðferðir

Nemandi

- o nýti sér í eigin sköpun aðferðir sem fela í sér að kanna form og liti fyrirmynda
- o þekki möguleika línunnar og vinni með hana á markvissan hátt
 - o geti skapað hreyfingu og kyrrð með ólíkum útfærslum línunnar, t.d. láréttum og lóðréttum
 - o geti myndað samfelld mynstur
- o þekki hugtakið sjónarhorn og geri kannanir og verkefni tengd því
- o geti unnið með mismunandi sjónarhorn, t.d. séð ofan frá og frá hlið
- o útfæri mynstur og fléttur bæði í tvívíðri og þrívíðri vinnu
- o geti lýst munnlega og skriflega grunnþáttum myndlistarinnar á einfaldan hátt, s.s. línunotkun, þeim formum sem birtast í verkinu, litanotkun, hvaða efni verkið er unnið úr, gerð þess og byggingu
- o geti gengið frá verkefnum, efnum og áhöldum
- o átti sig á gildi hefðar og vandaðrar vinnu í handverki
- o geri sér grein fyrir verðmæti og eiginleikum efna sem unnið er með hverju sinni

Sögulegt og félagslegt samhengi

Nemandi

- o þekki list víkingatímabils, s.s. trélist, goðamyndir, skart og hefðbundin tákni, og tengsl þeirrar hefðar við íslenska menningu
- o viti að vestrænni listasögu er skipt í tímabil, stefnur og stíla frá upphafi til okkar daga
- o geti fjallað munnlega og skriflega um mismunandi stöðu listamannsins eftir tímabilum og þeirri þjóðfélagsgerð og viðhorfum sem eru ríkjandi hverju sinni
- o viti að handverkshefðir geta tengst nútímalist
- o þekki hugtökin handverk og fjöldaframleiðsla og þann mun sem í þeim felst

Fagurfræði og rýni

Nemandi

- o geti lýst munnlega og skriflega skoðun sinni á mynd
- o geti lýst munnlega og skriflega mati sínu á handverki
- o viti að hefðbundin mynstur byggjast á notkun tákna

Prepamarkmið 6. bekkjar

Lögmál og aðferðir

Nemandi

- o noti módel og snið sem hluta af vinnuferli
- o kunni skissugerð og öðlist skilning á mikilvægi hennar sem eðlilegs hluta af vinnuferli
- o vinni með stærðir og hlutföll

- o geti sýnt fram á að stærðarhlutföll, skörun og litir hafi rýmisskapandi áhrif
- o blandi saman ólíkum efnum og noti margvíslega tækni í sömu mynd, svokallaða blandaða tækni
- o geti unnið þrívíð verk sem sýni áhrif ljóss og skugga á form og áferð
- o viti að sólarljós og veðurfar hefur áhrif á liti umhverfisins
- o geti beitt litum til að fá fram áhrif í mynd
- o þekki feril hönnunar frá hugmynd til vöru
- o geti gengið frá verkefnum, efnum og áhöldum
- o geri sér grein fyrir verðmæti og eiginleikum efna sem unnið er með hverju sinni

Sögulegt og félagslegt samhengi

Nemandi

- o þekki tengsl hönnunar við eigin raunveruleika, þ.e.a.s. eigin fatnað, húsgögn, hjól, merki, tölvuleiki o.s.frv.
- o viti að litir hafa mismunandi þýðingu í lífi mannsins, bæði hvað varðar áhrif þeirra á tilfinningar og merkingu þeirra, t.d. sem tákn götuvatans, á vatnskrananum, í kirkjunni o.s.frv.
- o skoði mynddæmi um verk unnin í anda impressjónisma og geti lýst einkennum hans
- o skoði mynddæmi um verk unnin í anda expressjónisma og geti lýst einkennum hans
- o skoði mynddæmi um rýmislist („land-art“, landslagsarkitektúr, byggingarlist og innsetningar)

Fagurfræði og rýni

Nemandi

- o vinni mynd með áherslu á tilfinningalega túlkun litarins
- o geti lýst munnlega og skriflega skoðun sinni á mynd; áhersla skal lögð á þætti s.s. myndlýsingu sem tekur til lögmála og aðferða myndlistarinnar og inntaks, þ.e. túlkunar innihalds
- o kanni mismunandi útfærslu impressjónista á ljósi og áhrifum þess, t.d. á yfirborð hluta, liti og litameðferð
- o kanni mismunandi útfærslu expressjónista á andófi gegn raunsæi og áherslu þeirra á innri sannindi, viðhorf og tilfinningar gagnvart raunveruleikanum
- o geti lagt rökstutt mat á hönnun í umhverfi sínu
- o geti lagt rökstutt mat á rýmislist í umhverfi sínu, s.s. skólalóð

Þrepamarkmið 7. bekkjar

Lögmál og aðferðir

Nemandi

- o teikni hluti eftir fyrirmynd, s.s. uppstillingu og/eða umhverfisteikningu
- o þekki hugtakið fjölfeldi og a.m.k. eina grafíska aðferð, t.d. dúkristu
- o þekki samhengi grunnforma í tvívídd og þrívídd

- o vinni með form á fjölbreytilegan hátt með margs konar miðlum og tækni, t.d. einfalda, brjóta upp, þenja út og draga saman og teikna sama formið frá fleiri en einu sjónarhorni, m.a. með hjálp tölvu
- o þekki hugtakið fjarvídd og vinni einföld verk sem fela í sér notkun sjónhæðarlínu, hvarfpunkta, mismunandi sjónarhorna o.s.frv.
- o vinni skissur með áherslu á hvernig form, litir og myndbygging geta undirstrikað ákveðna þætti eða boðskap myndverks, t.d. með því að raða sömu formum upp á mismunandi vegu
- o geti gengið frá verkefnum, efnum og áhöldum
- o geri sér grein fyrir eiginleikum og verðmæti efna sem unnið er með hverju sinni og áhrifum þeirra á umhverfið

Sögulegt og félagslegt samhengi

Nemandi

- o geti lýst á einfaldan hátt munnlega og skriflega helstu einkennum kúbismans og abstraktsins
- o þekki og geti fjallað um popplis og skoði mynddæmi af verkum sem unnin eru í þeim anda
- o þekki og geti fjallað um súrrealisma og skoði mynddæmi af verkum sem unnin eru í þeim anda
- o þekki hugtakið uppstilling og skoði mynddæmi af þeirri tegund myndverka
- o kanni byggingarsögu nánasta umhverfis

Fagurfræði og rýni

Nemandi

- o geti lýst munnlega og skriflega skoðun sinni á mynd; áhersla skal lögð á þætti s.s. myndlýsingu sem tekur til lögmála og aðferða myndlistarinnar og inntaks, þ.e. túlkunar innihalds
- o þekki og geti fjallað um mynddæmi um kúbisma, s.s. mismunandi einföldun og uppbrot forma, sjónarhorn og litanotkun
- o þekki og geti fjallað um mynddæmi sem sýni hvernig popplistamenn taka til meðferðar myndmál neysluþjóðfélags og fjölmiðlunar, t.d. myndasögur, auglýsingar og kvikmyndir, bæði á jákvæðan og neikvæðan hátt.
- o þekki og geti fjallað um ýmis mynddæmi sem sýni hvernig súrrealistar leituðu inn á við til dulvitundar og tjáðu á sjálfsprottinn hátt heim drauma og ímyndunarafls
- o þekki og geti fjallað um mynddæmi sem sýna t.a.m. mismunandi útfærslur abstraktlistamanna á því hvernig áþreifanleg fyrirbæri geta breyst í meðförum listamanna í samræmt samspil lína, lita og forma
- o þekki hugtakið uppstilling og skilji hvað í því felst

Þrepamarkmið 8. bekkjar

Lögmál og aðferðir

Nemandi

- o þekki hlutföll mannslíkamans

- o geri sér grein fyrir heildarbyggingu mannslíkamans og geti gert samanburð á hlutföllum og stærðum með mælingum
- o vinni mynd af andliti og mannslíkamanum í tvívídd og þrívídd
- o vinni mynd af manneskju í ákveðnu rými
- o þekki hugtakið fjölfeldi
- o geti notað mismunandi tæknilega miðla, s.s. tölvu, ljósritunarvél, ljósaborð, myndvarpa o.s.frv.
- o geti gengið frá verkefnum, efnum og áhöldum
- o geri sér grein fyrir verðmæti efna og áhalda sem unnið er með hverju sinni

Sögulegt og félagslegt samhengi

Nemandi

- o geri sér grein fyrir mismunandi sýn listamanna á mannslíkamann á ólíkum skeiðum listasögunnar
- o geti skilgreint konseptlist og skoði mynddæmi af verkum í þeim anda
- o geti skilgreint hugtakið portrettmynd og þekki dæmi af þeirri tegund myndverka
- o þekki atvinnugreinar myndlistarmanna og hönnuða

Fagurfræði og rýni

Nemandi

- o geti lýst munnlega og skriflega skoðun sinni á mynd og rökstutt hana; áherslu skal leggja á þætti s.s. myndlýsingu sem tekur til lögmála og aðferða myndlistarinnar og inntaks, þ.e. túlkunar innihalds
- o geti fjallað um ýmis dæmi um konseptlist í nútímanum
- o hafi fengið innsýn í myndmál nútímamiðla með mynddæmum

Prepamarkmið 9. bekkjar

Myndmennt er valgrein fyrir nemendur í 9. bekk. Mælt er með að boðið sé upp á hefðbundna uppbyggingu myndmenntarnámsins í 9. bekk.

Lögmál og aðferðir

Nemandi

- o vinni verkefni að eigin vali m.t.t. efnis og útfærslu, í samráði við kennarann, sem feli í sér hugmyndavinnu, ítarlega skissugerð, verklega útfærslu og skil
- o geti gengið frá verkefnum, efnum og áhöldum
- o geri sér grein fyrir verðmæti efna og áhalda sem unnið er með hverju sinni
- o geti gengið frá myndverki til sýningar

Sögulegt og félagslegt samhengi

Nemandi

- o þekki til vestrænnar nútímalistar og skoði mynddæmi af verkum sem unnin eru í þeim anda; áhersla skal lögð á fjölbreytt mynddæmi m.t.t. tækniútfærslu og hugmyndavinnu

- o þekki a.m.k. einn til tvo íslenska nútímalistamenn m.t.t. lífshlaups, verka, sögu þeirra og tækni
- o þekki a.m.k. einn til tvo erlenda nútímalistamenn m.t.t. lífshlaups, verka, sögu þeirra og tækni
- o sækji söfn og sýningar þar sem því verður við komið, skoði vefsíður/vefsýningar

Fagurfræði og rýni

Nemandi

- o geti lýst munnlega og skriflega skoðun sinni á myndum, sínum eigin og annarra, og rökstutt hana; áhersla skal lögð á þætti s.s. myndlýsingu sem tekur til lögmála og aðferða myndlistarinnar og inntaks, þ.e. túlkunar innihalds
- o geti á einfaldan hátt lýst munnlega og skriflega helstu einkennum vestrænnar nútímalistar og skoðun sinni á henni
- o geti gert einfalda grein fyrir eigin verkum munnlega og skriflega

Þrepamarkmið 10. bekkjar

Myndmennt er valgrein fyrir nemendur í 10. bekk. Áhersla skal lögð á að sömu grundvallarlögmál gilda í allri listsköpun, sama hvaða miðil er unnið með. Val getur verið sértækt hvað varðar listmiðla eftir aðstæðum og áherslu viðkomandi skóla; val í ljósmyndun, myndbandsgerð og/eða tölvugrafík telst til myndmenntar.

Í sértæku vali í myndmennt, sem skólar bjóða, skulu eftirfarandi þættir felast markvisst í kennslunni, óháð því hvaða listmiðil er unnið með:

Lögmál og aðferðir

- o hugmyndavinna
- o ítarleg þróunarvinna og tilraunir, s.s. skissugerð, mismunandi útgáfur og lausnir
- o útfærsla myndverka
- o frágangur myndverka til sýningar
- o formfræði
- o litafræði
- o myndbygging

Sögulegt og félagslegt samhengi

- o listasaga (tengd viðfangsefni sértæks vals)
- o kynning á atvinnugreinum sjónlista

Fagurfræði og rýni

- o listheimspeki/fagurfræði
- o listgagnrýni
- o umfjöllun um eigin verk, munnleg og skrifleg

Prepamarkmið í textílmennt

Prepamarkmið 1. bekkjar

Lögmál og aðferðir

Nemandi

- o þjálfist í að klippa
- o þjálfist í að nota flatt form
- o þjálfist í að teikna/mála/lita í tengslum við textílverkefni
- o þræði grófa nál
- o saumi þræðispor
- o þjálfist í auðveldum vefnaði
- o vinni með ull og t.d. strigaefni og þekki uppruna þeirra
- o geri sér grein fyrir notagildi vefjarefna og viti hvað skilur þau frá öðrum efnum
- o fái innsýn í hvernig textílverk verður til á einfaldan hátt

Sögulegt og félagslegt samhengi

Nemandi

- o fjalli um mismunandi klæðnað fólks með tilliti til veðurfars, starfa og tilefna

Fagurfræði og rýni

Nemandi

- o taki þátt í umræðum um fagurfræðileg sjónarmið í einfaldri mynd, s.s. lit, lögun, glaðlegt, hlýlegt, fallett

Prepamarkmið 2. bekkjar

Lögmál og aðferðir

Nemandi

- o öðlist færni í að klippa út form
- o saumi nokkur einföld útsaumsspor
- o læri að ganga frá enda
- o geri tilraunir með að lita/mála/þrykkja á vefjarefni
- o þjálfist í að sauma saman tvö stykki með þræðispori
- o þjálfist í að vinna með eigin teikningu
- o fjalli um þrívítt form
- o þæfi ullarkembur og/eða ullarefni
- o geri tilraunir með fingraprjón
- o geri sér grein fyrir textílvinnuferli, þ.e. hvernig lítil hugmynd verður að fullunnum hlut
- o þjálfist í að nota hugtök og heiti sem tengjast viðfangsefnum greinarinnar
- o fræðist um mismunandi aðferðir við að ná settu marki

Sögulegt og félagslegt samhengi

Nemandi

- o skoði íslenska ull og þau áhöld sem notuð hafa verið við vinnslu ullar

Fagurfræði og rýni

Nemandi

- o þjálfist í að meta eigin verk

Prepamarkmið 3. bekkjar

Lögmál og aðferðir

Nemandi

- o þekki frumlitina
- o teikni eftir fyrirmælum og búi til einfalt snið
- o fái innsýn í efni og áhöld sem notuð eru við einfalda sníðavinnu
- o vinni með tvöfalt efni, klippi og saumi saman
- o noti útsaum til skreytingar
- o fari yfir helstu hluta saumavélar
- o saumi einfaldar línur á saumavél
- o vinni eftir leiðbeiningum frá kennara
- o tileinki sér nokkur hugtök textílgreinarinnar

Sögulegt og félagslegt samhengi

Nemandi

- o fái innsýn í nýtingu íslenskrar ullar áður fyrr
- o fjalli um textílverk sem eru skreytt með útsaumi
- o skoði myndbönd og/eða skyggjur sem tengjast textílum

Fagurfræði og rýni

Nemandi

- o tjái sig um litaval
- o skoði eigin verk og annarra og ræði um þau út frá fagurfræði

Prepamarkmið 4. bekkjar

Lögmál og aðferðir

Nemandi

- o læri að fitja upp í prjóni
- o prjóni garðaprjón
- o læri að fella af í prjóni
- o læri að sauma saman prjónles og ganga frá endum í prjónlesi
- o læri að hekla snúru, snúa band eða hnýta
- o þjálfist í að sauma beina sauma á saumavél
- o þjálfist í að þræða yfirtvinna á saumavél
- o noti útsaum til skreytinga
- o noti taumálun/þrykk til skreytinga

- o fáinnsýn í tóvinnu
- o þjálfist í einfaldri notkun tölvutækni við hugmyndavinnu
- o geti notað hugtök og heiti sem tengjast viðfangsefnum greinarinnar

Sögulegt og félagslegt samhengi

Nemandi

- o geri sér grein fyrir mikilvægi og nýtingu ullarinnar fyrr á öldum, t.d. með hliðsjón af veðráttu Íslands

Fagurfræði og rýni

Nemandi

- o geti tekið þátt í fagurfræðilegri umræðu út frá nánasta umhverfi
- o geti metið eigin textílverk og rökstutt matið

Þrepamarkmið 5. bekkjar

Lögmál og aðferðir

Nemandi

- o beiti grunnreglum í litafræði í eigin sköpun með því að raða saman efnum og/eða garni í mismunandi litum og tónum
- o teikni einfaldar skissur og nýti sér þær við eigin hugmyndavinnu
- o þekki í grófum dráttum uppruna og helstu eiginleika baðmullarefna
- o öðlist færni í að nota málband og setja merkingar á vefjarefni
- o þekki undirtvinna, yfirtvinna, beint spor og sikksakk á saumavél
- o noti einfaldar sporgerðir á saumavél til skreytinga og frágangs
- o læri að prjóna brugðna lykkju og skipta um lit á garni í prjóni
- o læri einfaldar aðferðir við úrtöku og útaukningu í prjóni
- o geri tilraunir með að lita ullargarn með náttúrulegum litum úr jurtaríkinu
- o vinni eftir einföldum, skriflegum vinnuleiðbeiningum
- o skilji aðaleinkenni í vinnuferli handverks frá hugmynd að fullunnum hlut
- o skilji tilgang þess að nota viðeigandi áhöld við vinnuna
- o noti handbækur greinarinnar
- o þekki helstu hugtök og heiti sem unnið er með

Sögulegt og félagslegt samhengi

Nemandi

- o leiti upplýsinga um íslenska ull og sögu ullarvinnslu
- o geri sér grein fyrir mikilvægi ullar í íslenskum textílverkum fortíðar
- o heimsæki vinnustofu handverksaðila og hönnuða og/eða skoði gögn um slíkt

Fagurfræði og rýni

Nemandi

- o beiti fagurfræðilegum grunnlögmálum (litir, form) í sköpun sinni
- o geri sér grein fyrir mikilvægi vandaðra vinnubragða og góðrar umgengni
- o upplifi sköpunargleði við útfærslu eigin hugmynda

Prepamarkmið 6. bekkjar

Lögmál og aðferðir

Nemandi

- o geri skissur af hugmynd sinni og þjálfist í að tjá sig um hugsanlega útfærslu í textílvinnu
- o vinni mynstur þar sem formum er raðað saman
- o þjálfist í að yfirfæra áunna þekkingu úr öðrum greinum, t.d. stærðfræði, fyrir mynsturgerð
- o vinni mynstur með hjálp tölvu og geri tilraunir með litasamspil
- o búi til einfalt pappírssnið af nytjahlut
- o öðlist færni í að sníða úr textílefni eftir eigin pappírssniði og mæla fyrir saumföllum
- o læri að spóla og þræða tvinna á saumavél
- o saumi óregluleg form á saumavél
- o skreyti nytjahlut með hjálp saumavélar
- o læri að hekla loftlykkjur, fastahekl og/eða stuðlahekl
- o noti skriflegar leiðbeiningar og handbækur
- o sýni fram á skipulögð og vönduð vinnubrögð
- o noti hugtök og heiti textílgreinarinnar

Sögulegt og félagslegt samhengi

Nemandi

- o vinni í hópi verkefni sem miða að því að fegra og skreyta nánasta umhverfi
- o skoði gömul íslensk textílverk á minja- eða þjóðminjasafni og geri einfaldar athuganir m.t.t. aðferða, lita og mynstra
- o viti að í íslensku bændasamfélagi fortíðarinnar var fatnaður næstum alfarið unninn á heimilum

Fagurfræði og rýni

Nemandi

- o sýni fram á sjálfstæði í lita- og efnisvali við eigin sköpunarverk
- o þjálfist í að skoða og meta fullunna afurð sína og annarra og tjá sig munnlega um það
- o geri sér grein fyrir að mistök og tilviljanir geta leitt til óvænts árangurs

Prepamarkmið 7. bekkjar

Lögmál og aðferðir

Nemandi

- o búi til textílverk með því að nota margs konar efni í mismunandi litum og beiti áunninni þekkingu í lita- og formfræði og einföldum vinnuaðferðum textíla
- o læri vefjarefnafræði
- o liti vefjarefni með tilbúnum taulitum og beiti nokkrum aðferðum til að fá mynstur á efni

- o geri tilraunir með endurnýtingu og vinni með efnisbúta úr notuðum fatnaði eða heimilislíni
- o þjálfist í að taka mál af líkama og ákveða stærðir
- o þjálfist í að sníða
- o nýti vel efni og garn sem unnið er með
- o geri sér grein fyrir efnisþörf við verkefni sín
- o vinni með upplýsingatækni, margmiðlunarmöguleika og tölvur í tengslum við verkefni sín
- o semji gróflega vinnuáætlun áður en byrjað er á viðfangsefni

Sögulegt og félagslegt samhengi

Nemandi

- o tengi áhrif frá þjóðlegum íslenskum munum og mynstrum eigin verkefnum
- o fái innsýn í framleiðsluferli handverks frá hugmynd til nothæfrar afurðar út frá mismunandi tímabilum
- o viti í grófum dráttum hvernig vefjarefni eru fjöldaframleidd í verksmiðjum
- o þekki framleiðsluferil íslensks ullargarns
- o geri sér grein fyrir að tillit til félagslegra þátta og lífríkis jarðar getur haft áhrif á efnisval og úrvinnslu hönnuða

Fagurfræði og rýni

Nemandi

- o geri sér grein fyrir samspili vefjarefna, lita og forma í textílvinnu
- o geti útskýrt fagurfræðileg sérkenni handverks og heimilisiðnaðar
- o takist á við verkefni sem vekja áhuga og vinnugleði og koma til móts við langanir og smekk nemandans

Prepamarkmið 8. bekkjar

Lögmál og aðferðir

Nemandi

- o læri að hekla og/eða þrjóna eftir einföldum leiðbeiningum
- o læri að taka mál, sníða og sauma einfalda flík
- o öðlist færni í að skreyta flík á persónulegan hátt
- o þjálfist í að fara eftir skriflegum vinnulýsingum
- o noti fagbækur og upplýsingatækni
- o noti tölvur, hjálpartæki þeim tengd og margmiðlunarefni til að þróa eigin hugmyndir að textílverkefnum
- o tileinki sér orðaforða textílgreinarinnar
- o tileinki sér vandvirkni, góða umgengni og rétta meðferð áhalda og véla

Sögulegt og félagslegt samhengi

Nemandi

- o skoði íslenska þjóðbúninga

- o viti í grófum dráttum hvernig fjöldaframleiddar flíkur eru unnar miðað við tækni og kunnáttu hvers tíma
- o geri sér grein fyrir áhrifamætti tísku á daglegt líf

Fagurfræði og rýni

Nemandi

- o þjálfist í að velja verkefni í textílmennt í samræmi við langanir og þarfir
- o meti eigin árangur og rökstyðji matið
- o taki þátt í að setja upp og kynna sýningu á eigin verkum og annarra í húsakynnum skólans
- o geti tekið þátt í umræðum um umgengni, starfshætti og vinnufrið
- o þjálfist í að taka tillit til mismunandi túlkunaraðferða og virða eigin verk og annarra

Prepamarkmið 9. bekkjar

Textílmennt er valgrein fyrir nemendur í 9. bekk. Mælt er með að boðið sé upp á markvisst framhald á fyrra textílnámi þar sem einkum er stefnt að vaxandi sjálfstæði nemandans.

Einnig væri æskilegt að bjóða fram nýjungar í takt við tímann, sambærilegt við t.d. þæfingu, tóvinnu, textílprykk, pappírsgerð, körfugerð, bókagerð, leðurvinnu og silkimálun.

Lögmál og aðferðir

Nemandi

- o sýni fram á þekkingu í lita- og formfræði í textílvinnu sinni
- o sýni fram á þekkingu í vefjarefnafræði
- o vinni sjálfstætt að eigin textílverki og beiti áunninni þekkingu í hekli, þrjóni, útsaumi, vélsaumi o.fl.
- o geti beitt helstu áhöldum, verkfærum og tækjum sem notuð eru við textílvinnu
- o sýni frumkvæði að verkefnum og verkefnavali
- o skipuleggi eigið vinnuferli, geri skriflega vinnuáætlun og lauslega uppdrætti/skissur að verkefni
- o þjálfist í að hugleiða mismunandi lausnir á textílverkefnum
- o geri sér grein fyrir að öguð vinnubrögð eru mikilvægur þáttur í handverki
- o læri að meta og endurmeta eigin verk eða hugmynd á öllum stigum vinnuferlisins og rökstyðja matið

Sögulegt og félagslegt samhengi

Nemandi

- o fjalli um gildi hönnunar og nýsköpunar fyrir framþróun í textílvinnu bæði í handverki og fjöldaframleiðslu
- o geri sér grein fyrir helstu þáttum sem hafa haft áhrif á sögu verkmenningar á Íslandi samfara þróun véla og áhalda á 19. og 20. öld
- o geri sér grein fyrir breytingum í kjölfar fjöldaframleiðslu í iðnaði og tölvuvæðingu

- o fáinnsýn í mismunandi störf sem tengjast textílum, textílvinnu og handverki
- o fáinnsýn í fjölbreytilega notkun textíla í húbýlum
- o tjái sig um samspil lita, efna og forma í textílum í eigin umhverfi

Fagurfræði og rýni

Nemandi

- o skilji að skipulag vinnuferlis og góð nýting hráefnis skiptir sköpum í framleiðslu textílmuna
- o geri sér grein fyrir áhrifamætti tiskunnar út frá litum og formum
- o geri sér grein fyrir tjáningarmáta textíla og tisku út frá mismunandi áferð, stíl og efniskennd
- o geri sér grein fyrir að fatnaður hefur mismunandi tákni og tjáningarmáta

Prepamarkmið 10. bekkjar

Textílmennt er valgrein í 10. bekk. Mælt er með að nemendum standi til boða textílnám sem stefnir einkum að meðvitaðri notkun textíla til sjálfstæðrar vinnu, hönnunar og nýsköpunar og inniheldur t.d.

- o markvissa kynningu á íslenskri textíliðju, textílhönnun, tisku og tiskustraumum, húbýlahönnun o.fl.
- o notkun tölvu og margmiðlunar
- o beitingu form- og litafræði
- o tilraunavinnu út frá eigin hugmynd að textílverki, nytjahlut, flík o.p.h.
- o skipulag eigin vinnuferlis, umræður og stöðugt mat á eigin vinnu
- o verklega útfærslu
- o frágang verkefna og sýningu/kynningu á verkefnum

Lögmál og aðferðir

Nemandi

- o beiti mismunandi aðferðum textílgreinarinnar við úrvinnslu hugmynda, mynstra og verkefna
- o beiti réttum vinnubrögðum og meðhöndli áhöld, verkfæri og vélar af öryggi
- o noti handbækur
- o noti orðaforða greinarinnar
- o nýti möguleika margmiðlunar- og tölvutækni

Sögulegt og félagslegt samhengi

Nemandi

- o afli sér fróðleiks um íslenskan textíliðnað og textíllistiðnað og geri sér grein fyrir helstu einkennum þeirra
- o fáinnsýn í starfsgreinar sem tengjast fatagerð, fataframleiðslu og tisku á Íslandi, m.a. með vettvangsferðum
- o læri um sögu unglingatísku á 20. öld og geti útskýrt hvaða áhrif markaðshyggja, auglýsingar, kvikmyndir, tónlist o.fl. hefur á tisku

Fagurfræði og rýni

Nemandi

- o vinni með eigin tilfinningar og upplifun sem grundvöll að fagurfræðilegri túlkun sinni í textílefnivið
- o meti hugmyndir sínar á öllum vinnslustigum

Prepamarkmið í tónmennt

Prepamarkmið 1. bekkjar

Frum-, efnis- og leikniþættir

Nemandi

- o syngi í hóp fjölbreytt sönglög og þulur
- o flytji einfalt tón- og hrynmynstur eftir heyrn
- o leiki á einfalt skóla- og heimatilbúið hljóðfæri (bæði hryn- og lagrænt)
- o þjálfist í að kanna hljóðheiminn, rannsaka, flokka, velja og hafa stjórn á hljóðum frá mismunandi hljóðgjöfum
- o þjálfist taktskyn með púls, einföldu hrynmynstri og áherslu gegnum hreyfingu
- o vinni markvisst með tónlistarhugtök s.s. veikt og sterkt, háir tónar og djúpir tónar, hratt og hægt, bjart og dimmt
- o hlusti á og sýni viðbrögð (t.d. að túlka tónlistina með hreyfingu) við fjölbreyttri tónlist og hljóðum úr umhverfinu út frá notkun efnisþátta eins og tónstyrks, hraða, púls, tónblæs og forms

Tónlistarlegt innsæi

Nemandi

- o geti hlustað á, greint á milli og talað um mismunandi hljóð út frá frumþáttum tónlistarinnar

Prepamarkmið 2. bekkjar

Frum-, efnis- og leikniþættir

Nemandi

- o hafi á valdi sínu aukinn lagaforða í fjölbreyttum stíltegundum
- o flytji lög í hópi með áherslu á túlkun og textaframburð
- o flytji tón- og hrynmynstur eftir heyrn og grafískum nótnátáknnum
- o öðlist aukna færni á einföld skóla- og heimatilbúin hljóðfæri (bæði hryn- og lagrænt)
- o kanni, velji og setji saman hljóð frá hljóðgjöfum eins og röddum, líkamanum og hljóðfærum og búi þannig til tónlistarhugmyndir, hljóðmyndir og einföld tónverk
- o finni leiðir til að geyma tónlistarhugmyndir sínar og tjá öðrum þær
- o fái markvissa þjálfun í takt- og lagskyni með iðkun tónlistar
- o vinni áfram með tónlistarhugtök, s.s. veikt og sterkt, háa og djúpa tóna, hratt og hægt, bjart og dimmt

Sögulegt og félagslegt samhengi

Nemandi

- o þekki og geti greint á milli algengustu skólahljóðfæra eftir heyrn, sjón og nafni

Tónlistarlegt innsæi

Nemandi

- o geti hlustað á fjölbreytta tónlist með athygli, sýni viðbrögð við henni og greini notkun efnisþátta, s.s. tónhæðar, tónlengdar, hryns og áherslu
- o noti einföld orð til að greina notkun efnisþátta og áhrif þeirra á fjölbreytt tónverk sem hann hefur hlustað á

Prepamarkmið 3. bekkjar

Frum-, efnis- og leikniþættir

Nemandi

- o þjálfist í að koma fram og flytja eigin verk og annarra, bæði söngverk og hljóðfæratónlist
- o hafi vald á mismunandi spilamáta algengustu skólahljóðfæra og annarra hljóðgjafa
- o geti sungið fjölbreytt lög, m.a. einföld keðjusöngslög sem gera vaxandi kröfur til söngs, tækni og túlkunar
- o flytji tónlist, lög og stef eftir minni, heyrn og nótnatáknum
- o spinni og semji einfalt tónverk sem sýnir greinilegt form og vaxandi skilning á efnisþáttum tónlistarinnar
- o geymi tónsmíðar sínar á hljóðritum og/eða með grafískum nótnatáknum

Sögulegt og félagslegt samhengi

Nemandi

- o hlusti á tónlist frá ólíkum menningarsamfélögum og greini eiginleika og einkenni þeirra
- o geti greint á milli algengustu hljóðfærattegunda, s.s. blásturs- og strengjahljóðfæra, eftir heyrn og sjón og þekki sum þeirra með nafni

Tónlistarlegt innsæi

Nemandi

- o sýni viðbrögð við og greini á milli notkunar efnisþátta í fjölbreyttri tónlist með mismunandi tjáningarformum, s.s. hreyfingu, teikningu og töluðu máli

Prepamarkmið 4. bekkjar

Frum-, efnis- og leikniþættir

Nemandi

- o flytji á viðeigandi hátt fjölbreytta tónlist í söng og hljóðfæraleik frá ólíkum tímum og löndum, einn og í hópi, undir eigin stjórn og annarra
- o semji, spinni og útsetji einföld tónverk eftir gefnum fyrirbættum og með fjölbreyttum hljóðgjöfum
- o öðlist færni í söng og leik á skólahljóðfæri
- o öðlist vaxandi færni í flutningi á tónlist, lögum og stefnum eftir minni, heyrn og nótnatáknum
- o semji og flytji einfaldan dans eða hreyfingu við tónlist

- o meti eigin tónlistarflutning, hreyfingu og tónsköpun og nýti sér hljóðritun eða myndupptöku til þess
- o þekki og geti greint hugtök, s.s. háir tónar og djúpir tónar, hratt og hægt, bjart og dimmt, langt og stutt, púls og hrynur, sterkt og veikt, endurtekning og andstæður, hljóð og þögn, einn tónn eða fleiri og hendingar

Sögulegt og félagslegt samhengi

Nemandi

- o geti tjáð sig á einfaldan hátt um sögulegt og samfélagslegt samhengi tónlistar sem hann hefur flutt eða heyrt
- o þekki sönglög sem tengjast íslenskum hátíðisdögum, hlutverk vinnulaga og notkun orgels eða harmóníku í kirkjutónlist

Tónlistarlegt innsæi

Nemandi

- o geti greint og metið notkun nótnátákna við eigin verk og annarra
- o þekki og geti greint helstu hljóðfæraflokka og raddgerðir
- o geti sýnt viðbrögð við fjölbreyttri tónlist, notkun efnisþátta, eiginleikum og einkennum og áhrifum þeirra, með hreyfingu, dansi, teikningu, töluðum orðum eða öðrum tjáningarformum

Prepamarkmið 5. bekkjar

Frum-, efnis- og leikniþættir

Nemandi

- o flytji fjölbreytta tónlist frá ólíkum tímum og löndum sem gerir vaxandi kröfur til færni, einn og í hópi, undir eigin stjórn og annarra
- o semji, spinni, útsetji og skrái tónverk sem sýnir vaxandi skilning á tónlistarhugtökum eftir gefnum fyrirmælum og með fjölbreyttum hljóðgjöfum
- o öðlist stigvaxandi færni í söng og leik á skólahljóðfæri
- o öðlist vaxandi færni í flutningi tónlistar, laga og stefja eftir minni, heyrn og nótnátáknum
- o semji og flytji dans eða hreyfingu við tónlist
- o nýti sér í auknum mæli skráningu og hljóðritun til að geyma eigin tónverk til flutnings síðar

Sögulegt og félagslegt samhengi

Nemandi

- o sýni vaxandi skilning á sögulegu og samfélagslegu hlutverki tónlistar sem unnið er með

Tónlistarlegt innsæi

Nemandi

- o geti heyrt, greint og sýnt þekkingu á ólíkum tónlistarstíltegundum sem unnið hefur verið með

Prepamarkmið 6. bekkjar

Frum-, efnis- og leikniþættir

Nemandi

- o flytji fjölbreytta tónlist frá ólíkum tímum og löndum sem gerir vaxandi kröfur til færni, einn og í hópi, undir eigin stjórn og annarra
- o semji, spinni, útsetji og skrái tónverk sem sýnir skilning á einföldum hljómfraðihugtökum, s.s. þríhljóm og tvíröddun
- o öðlist stigvaxandi færni í söng og leik á skólahljóðfæri
- o öðlist vaxandi færni í flutningi tónlistar, laga og stefja eftir minni, heyrn og nótnatáknum
- o semji og flytji fjölbreyttan dans eða hreyfingu við tónlist
- o nýti sér í auknum mæli skráningu og hljóðritun til að geyma eigin tónverk til flutnings síðar
- o þjálfist í að endurmeta og endurskoða tónsköpun sína

Sögulegt og félagslegt samhengi

Nemandi

- o geti sýnt fram á þekkingu á tónlist sem hann hefur hlustað á frá mismunandi tímabilum og menningarsvæðum

Tónlistarlegt innsæi

Nemandi

- o geti sýnt fram á vaxandi skilning á efnisþáttum og greint á milli notkunar efnisþátta í tónlist af ólíkum stíltegundum, t.d. einfaldra hljómfraðilegra hugtaka, laga og hrynmynstra

Prepamarkmið 7. bekkjar

Frum-, efnis- og leikniþættir

Nemandi

- o syngi og flytji við ýmis tækifæri fjölbreytt sönglög og raddverk frá ólíkum tímum og löndum, m.a. keðjusöngslög og einfaldar tvíradna útsetningar og lög á erlendum tungumálum
- o semji, spinni og útsetji fjölbreytt tónverk fyrir mismunandi hljóðfæri, raddir og aðra hljóðgjafa
- o öðlist stigvaxandi færni í söng og leik á skólahljóðfæri
- o öðlist vaxandi færni í flutningi tónlistar, laga og stefja eftir minni, heyrn og nótnatáknum
- o endurmeti og endurskoði tónsköpun sína

Sögulegt og félagslegt samhengi

Nemandi

- o hlusti á og sýni þekkingu á fjölbreyttum íslenskum sönglögum sem sungin hafa verið
- o sýni þekkingu á einkennum tónlistar sem hlustað er á

Tónlistarlegt innsæi

Nemandi

- o meti og rökstyðji eigin túlkun í tónlistarflutningi
- o geti heyrt og greint með vaxandi skilningi og þekkingu notkun efnisþátta tónlistarinnar, m.a. laglínu, tónbils, tónstiga, tóntegunda (dúr/moll), tónaraða, þrástefs, áherslu, takts, takttegunda, vaxandi/minnkandi, fjölröddunar, margröddunar, hljómategunda, tónklasa, samhljóms/mishljóms, stefs, hljómburðar, rýmis, tón- og hendingarmótunar, tónvefjar, laglínu, undirspils, yfirraddar
- o hlusti, greini og nýti sér þekkingu í eigin tónsköpun á einföldum formgerðum, t.d. ABA, rondói, tilbrigði, lagi og viðlagi

Þrepamarkmið 8. bekkjar

Frum-, efnis- og leikniþættir

Nemandi

- o semji tónlist í ákveðnum stíltegundum í dægurtónlist, t.d. reggíi, rappi, poppi, blús
- o kynnist tölvu sem hljóðgjafa og möguleikum hennar til tónsköpunar og flutnings
- o þjálfist í vaxandi mæli í söng og flutningi á sem fjölbreytilegastri tónlist
- o kynnist hljóðfærum poppsins, s.s. trommusetti og rafmagnshljóðfærum
- o geti nýtt sér og miðlað eigin þekkingu á hljóðfæri og tónlist sem hann hefur hugsanlega aflað sér annars staðar og þannig víkkað og auðgað reynslu sína og samnemenda af tónlist

Sögulegt og félagslegt samhengi

Nemandi

- o hlusti á og sýni þekkingu á fjölbreyttum stíltegundum í dægurtónlist (reggíi, rappi, poppi, blús)

Tónlistarlegt innsæi

Nemandi

- o hlusti á, greini og meti mismunandi tónlist út frá þekkingu sinni og tónlistarreynslu
- o geti rökstutt skoðun sína á mismunandi tónlist

Prepamarkmið í leikrænni tjáningu

Prepamarkmið 1.–4. bekkjar

Sköpun/túlkun/tjáning

Nemandi

- o lifi sig inn í leikrænt ferli til að dýpka skilning sinn á því námsefni sem honum er ætlað að kynna
- o lifi sig inn í ímynduð hlutverk og aðstæður með því að vera annar eða annað en hann sjálfur (persónur, hlutir eða umhverfi)
- o gerist sérfræðingur um einhver málefni og leiti lausna
- o túlki hversdagslegar aðstæður og athafnir á leikrænan hátt
- o túlki ævintýri, frásagnir og umhverfi með kyrrmyndum
- o túlki eigin myndverk með kyrrmynd
- o takist á við vandamál í ímynduðum heimi
- o noti málið til að tjá líðan og tilfinningar
- o noti röddina til að túlka hljóð í umhverfinu
- o noti látbragð og hreyfingu til að tjá líðan og tilfinningar
- o taki þátt í leikrænum æfingum og leikjum sem tengjast viðfangsefnum
- o sýni bekkjarfélögunum kyrrmyndir og stuttar senur
- o taki þátt í sýningum fyrir foreldra og gesti
- o útbúi brúður og grímur og noti í leikrænu ferli
- o standi kyrr og lesi upphátt úr eigin verkum
- o taki þátt í umræðum í hlutverki til að líta á málefni frá mismunandi sjónarhornum

Skynjun/greining/mat

Nemandi

- o sjái leiksýningar atvinnumanna
- o taki þátt í hópumræðum
- o segi frá á skipulegan hátt
- o hlusti á aðra og sýni þeim umburðarlyndi
- o kanni mismuninn á ímyndun og veruleika
- o segi frá hvað honum þykir best í þeim sýningum sem hann sér eða tekur þátt í
- o segi frá og reyni að koma hugsunum sínum og tilfinningum skipulega á framfæri í bekkjarumræðum, t.d. um leikrit og stutta sjónvarpsþætti

Prepamarkmið 5.–7. bekkjar

Sköpun/túlkun/tjáning

Nemandi

- o spinni senur í hópvinnu með stigvaxandi öryggi og sjálfstæði
- o setji sig í spor fólks sem uppi var á öðrum tímum
- o nýti sér aðferðir leikrænnar tjáningar við lausn á verkefnum
- o dýpki persónusköpunina

- o túlki einfalda hluti með látbragði
- o skapi og túlki leikþætti út frá námsefni
- o noti einfalda lýsingu, hljóð, búninga og leikmuni
- o semji og flytji litla leikþætti
- o uppgötvi tjáningarmöguleika raddar og líkama
- o flytji mál sitt áheyrliga fyrir framan áheyrendur
- o komi fram fyrir áheyrendur og tjái eigin skoðanir
- o taki þátt í leiksýningum fyrir félag og foreldra
- o skoði hugmyndir og frásagnir á leikrænan hátt
- o móti og segi frá hugmyndum og sögum á leikrænan hátt
- o leiklesi stutt leikverk

Skynjun/greining/mat

Nemandi

- o sjái atvinnuleiksýningar
- o segi frá skoðunum sínum á því sem hann sér í leikhúsi eða sjónvarpi
- o leggi rökstutt mat á sýningar sem hann sér í tengslum við skólann
- o leggi rökstutt mat á leiksýningar sem hann tekur þátt í
- o geti rætt um, greint og borið saman eigin verk og annarra
- o fjalli um hvernig rithöfundar hafa notað þjóðsögur og annan menningararf til leikritunar

Þrepamarkmið 8.–10. bekkjar – A

Sköpun/túlkun/tjáning

Nemandi

- o beiti aðferðum leikrænnar tjáningar til að skilja og túlka ýmsa þætti námsefnis
- o skrifi texta í hlutverki til að túlka sjónarmið viðkomandi persónu
- o leiklesi bókmenntaverk
- o skapi og túlki leikþætti með mismunandi aðferðum
- o þrói raddbeitingu og látbragð
- o taki þátt í sviðsetningu á leiksýningum sem leikari og/ eða tæknimaður
- o noti margs konar tækni sem leikhúsið býður upp á
- o flytji niðurstöður úr verkefnavinnu í hlutverki sérfræðings sem hefur unnið verkið
- o vinni undir leiðsögn annarra nemenda

Skynjun/greining/mat

Nemandi

- o gagnrýni verk félaga sinna á jákvæðan og uppbyggjandi hátt
- o nýti sér uppbyggjandi gagnrýni í vinnu sinni
- o sjái sem flestar leiksýningar atvinnumanna
- o geti með viðeigandi orðaforða greint tilgang leiksýningar í leikhúsi og sjónvarpi, rökstutt skoðanir sínar og tekið afstöðu til þess hvernig til tókst

Prepamarkmið 8.–10. bekkjar – B, leiklistarvalgrein

Sköpun/túlkun/tjáning

Nemandi, sem velur leiklist sem valgrein í 9. og 10. bekk, kafar dýpra í greinina.

Nemandi á að

- o þjálfra sérstaklega
 - o framsögn og tilfinningu fyrir texta
 - o rödd
 - o látbragð og hreyfingar
- o skapa og móta persónuleika og túlka hann í leikþáttum
- o túlka hlutverk í leiktexta og geta haldið því á meðan á sýningu stendur
- o semja og túlka texta á margvíslegan hátt í mismunandi tilgangi
- o setja á svið og stjórna stuttum leikþáttum
- o lagfæra og bæta við eigin leikþætti eftir gagnrýni frá kennara og félögum
- o nota tækni leikhússins eins og ljós og sviðsbúnað við uppsetningu á leikverkum

Skynjun/greining/mat

Nemandi á að

- o leggja raunsætt mat á leikrænan texta
- o bera leiklistarmenningu okkar saman við leiklistarmenningu annarra þjóða og miða við ýmiss konar leiklist í sjónvarpi
- o fjalla um hvernig leikhúsmenning hefur þróast á Íslandi
- o átta sig á mismunandi gerðum leiklistar eða leikhúss
- o heimsækja leikhús til að átta sig á því hvað er að baki atvinnuleiksýningu
- o skrifa um skoðanir sínar á leiksýningum

Prepamarkmið í dansi

Prepamarkmið 1.–4. bekkjar

Sköpun/túlkun/tjáning

Nemandi

- o verði meðvitaður um stöðu og þyngdarpunkt líkamans
- o öðlist tilfinningu fyrir ýmsum líkamshlutum í gegnum leikrænar upphitunaræfingar, teygjur, hlaup, jafnvægisæfingar (sitja á gólfi, strekkja fætur, teygja á baki og lærum, hlaupa, standa saman með fætur, beygja hné og strekkja upp á hálfhátt, teygja handleggji upp, halda jafnvægi)
- o taki þátt í hreyfileikjum (gangi í röð, í hringi, læri hoppspor)
- o kunni skil á hægri og vinstri hæl og tá, fram og aftur
- o dansi einföld spor í samkvæmisdans, t.d. grunnspor í samba, enskum valsi og djæfi
- o hlusti á tónlist með mismunandi tónfalli, hröð/hæg spor, skilgreini mismunandi dansstöðu/hald
- o spinni í dansi, tjái í hreyfingu tilfinningar, hugsun og/eða ýmislegt tengt umhverfinu, gefi ímyndunaraflinu lausan tauminn, noti þann orðaforða sem hann hefur á valdi sínu
- o semji dans og sýni kennara, foreldrum og gestum

Skynjun/greining/mat

Nemandi

- o sjái listdanssýningar og/eða danskeppni (af myndböndum ef ekki er aðstaða til annars)
- o taki þátt í umræðum um sýningar og keppni
- o meti eigin dans

Prepamarkmið 5.–7. bekkjar

Sköpun/túlkun/tjáning

Nemandi

- o geti tjáð með hreyfingum persónulega upplifun á tónlist
- o dansi grunnspor í framangreindum tíu dönsum og tvö til þrjú tilbrigði í hverjum dansi
- o kunni og öðlist kjark til að dansa þann dans sem vinsæll er meðal unglinga hverju sinni, eins og hipphopp og breikdans
- o kynnist tjáningarmöguleika líkamans í dansinum (einfaldri kóreógrafíu)
- o viti hvaða dans fellur að þeirri tónlist sem leikin er hverju sinni, hvenær og á hvaða slætti í tónlistinni dansinn getur hafist
- o læri að minnsta kosti einn íslenskan þjóddans, t.d. vikivaka

Skynjun/greining/mat

Nemandi

- o sjái uppfærslur atvinnudanshópa (á myndböndum, sýningum o.s.frv.) á helstu ballettverkum sögunnar og nútímaverkum
- o sjái atvinnulistdansssýningar og samkvæmisdanskeppni (myndbönd eða sýningar)
- o fái innsýn í íslenska þjóðdansa
- o fái innsýn í danshefð annarra þjóða, t.d. frá Norðurlöndum, Spáni, A-Evrópu, Írlandi, Afríku o.s.frv.
- o þekki þá atvinnumöguleika sem grundvallast á dansnámi
- o geti skilgreint mun á klassískum listdansi, nútímalistdansi, djassdansi og samkvæmisdansi
- o geti fjallað um og lagt mat á hinar mismunandi listdansssýningar

Þrepamarkmið dansvalgreinar 8.–10. bekkjar

Sköpun/túlkun/tjáning

Nemandi

- o þjálfist í klassískum listdansi og nútímalistdansi ásamt djassdansi hjá sérhæfðum kennara
- o þjálfist í samkvæmisdansi hjá sérhæfðum kennara í samkvæmisdönsum
- o sviðsetji danssýningu undir leiðsögn kennara, semji og setji saman dansana

Skynjun/greining/mat

Nemandi

- o fái innsýn í íslenska og erlenda danshefð í myndum, á myndbandi eða í ritum
- o fjalli um valda þætti íslenskrar og erlendrar danshefðar
- o sjái listdansssýningar atvinnumanna og keppni í samkvæmisdansi
- o leggi rökstutt mat á listdansssýningar og keppni í samkvæmisdansi

**Auglýsing
um gildistöku aðalnámskrár grunnskóla**

1. gr.

Með vísan til 29. og 30. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla, með áorðnum breytingum, staðfestir menntamálaráðherra hér með að ný aðalnámskrá grunnskóla tekur gildi frá og með 1. ágúst 2007. Aðalnámskráin kemur til framkvæmda í skólum frá og með skólaárinu 2007-2008 eftir því sem við verður komið og skal að fullu vera komin til framkvæmda eigi síðar en að þremur árum liðnum frá gildistöku. Jafnframt fellur aðalnámskrá grunnskóla frá 24. febrúar 1999 úr gildi.

2. gr.

Aðalnámskrá grunnskóla er gefin út í þrettán hlutum og skiptist í almennan hluta aðalnámskrár og tólf greinahluta.

Í almennum hluta aðalnámskrár grunnskóla eru meðal annars tilgreindar kjarnagreinar, fjallað um uppeldishlutverk grunnskólans, meginstefnu í kennslu og kennsluskipan, meginmarkmið náms og kennslu og hlutfallslega skiptingu tíma milli námssviða og námsgreina. Almennur hluti aðalnámskrár grunnskóla er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Í greinahlutum aðalnámskrár grunnskóla, sem eru tólf alls, er fjallað um markmið, inntak og skipulag náms á tilteknum námssviðum. Greinahlutarnir bera þessi heiti:

Erlend tungumál

Heimilisfræði

Hönnun og smíði

Íslenska

Íþróttir - líkams- og heilsurækt

Kristinfræði, siðfræði, trúarbragðafræði

Listgreinar

Lífsleikni

Náttúrufræði og umhverfismennt

Samfélagsgreinar

Stærðfræði

Upplýsinga- og tæknimennt.

Menntamálaráðuneytið gefur út greinahluta aðalnámskrár á tímabilinu janúar 2007 til ágúst 2007 og tilkynnir jafnóðum sveitarfélögum um útgáfu þeirra.

Menntamálaráðuneytinu 20. desember 2006


Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir


Guðmundur Árnason